



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

Endurbætt salarkynni Regluheimilisins



Skrifstofutæki

fyrir öll fyrirtæki



RICOH

Mikið úrval ljósritunarvéla,
prenturum og skönum
fyrir stór sem smá fyrirtæki.



Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við
getum gert fyrir þig



ROSENGRENS

Öryggis-og peningaskápar



BISLEY

Skjala-og skrifstofuskápar

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Bræðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður



Seljabraut 54 - Sími 557 1780

Þín verslun

Seljabraut



**Kjötborð
í algjörum
sérflokki**



Ánægðir viðskiptavinir í aldarfjórðung!



27

Tuttugu og sjö ár
á sama stað



Þín verslun
Seljabraut

Seljabraut 54 - Sími 557 1780



FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (VII)
olafurs@granthornton.is

Pétur S. Jónsson (VI)
pedro@medialux.com

Þór Jónsson (IV/V)
thor12@ru.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Guðmundur Skúli Viðarsson

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Um sænska kerfið og aðrar Frímúrarareglur

Eins og svo oft áður hófst vetrarstarfið í Frímúrarareglunni með krafti og gleði og ég býð alla bræður velkomna til starfa. Að þessu sinni var óvenju mikil eftirvænting í huga margra því Jóhannesarsalurinn í Regluheimilinu í Reykjavík beið bræðrana eftir gagngerðar endurbætur. Frá því í lok aprílmánaðar og fram í miðjan september hafði stór hópur bræðra unnið hörðum höndum að lagfæringum og enn stærri hópur studdi framtakið með gjöfum, bæði efni og peningum. Og svo rann stóra stundin upp sunnudaginn 22. september þegar

salurinn var opnaður til sýnis bræðrum og gestum þeirra. Og það var mikill mannfjöldi sem fyllti salinn og sá hversu vel hafði til tekist. Öllum, sem að þessu verki komu, eru færðar hjartanlegar þakkir og öllum bræðrum í Reglunni óska ég til hamingju með árangurinn.

Margir íslenskir frímúrarabræður hafa lagt land undir fót á undanförunum misserum og árum og heimsótt stúkur og bræður erlendis. Slíkar heimsóknir eru fróðlegar og alltaf er ánægjulegt að kynnast bræðrum í öðrum löndum. Ég hygg að margir íslenskir bræður hafi oft á þessum ferðum orðið undrandi á þeim mikla mun sem er á sænska frímúrarakerfinu og öðrum frímúrarakerfum. Þótt grunnurinn sé sá sami eða mjög líkur, enda eiga öll kerfin rætur að rekja til sama uppruna, þá er framkvæmdin og skipulagið afar ólíkt oft á tíðum.

Það sem aðgreinir sænska kerfið frá öðrum er fyrst og fremst þrennt. Í fyrsta lagi byggir sænska kerfið á kristnum grunni meðan flest önnur kerfi einskorða sig ekki við eina trú.

Í öðru lagi er sænska kerfið heilstætt og innan þess rúmast öll stig en annars staðar er algengt að hástigin, þ.e. stig tekin eftir fyrstu þrjú, séu tekin í ýmsum sjálfstæðum reglum. Er-

lendis geta bræður því verið frímúrarar í mörgum reglum undir stjórn margra Stórmeistara. Í þriðja lagi tel ég mikla trúmennsku við frímúrarafraeðin einkenna sænska kerfið. Það kemur m.a. fram í því að í sænska kerfinu taka menn fyrstu þrjú stig á þremur árum en í mörgum löndum fá bræður öll þrjú stig á örfáum mánuðum. Jafnframt tekur það

oft bróður í sænska kerfinu 20–30 ár að taka 10 stig en í mörgum tilvikum annars staðar ná menn sams konar árangri á fáeinum árum.

Þessi sérkenni sænska kerfisins eru styrkur þess. Frímúrarabræður í okkar kerfi hafa um langt árabil væntingar og tilhlökkun til að taka nýtt stig meðan í mörgum löndum menn hafa séð allt á tiltölulega skömmum tíma. Og fundarsókn verður þá kannski öðru vísi.

Í Danmörku gerðust þau tíðindi 1. júní sl. að okkar gamli vinur Hans Martin Jepsen, Stórmeistari, lét af embætti og við tók Walter Schwartz, sem gegnt hefur embætti provinsialmeistara í Óðinsvéum síðustu árin. Innsetningin fór fram með mikilli viðhöfn að viðstöddum fjölda gesta. Við kveðjum Hans Martin með söknuði en bjóðum nýjan Stórmeistara í gömlu Reglunni okkar bróðurlega og hjartanlega velkominn til starfa. Við vonum að við megum njóta samvista við þá báða á komandi árum, bæði á Regluhátíð og við önnur tækifæri.

Valur Valsson SMR



Valur Valsson.



20% afsláttur



- Úrval kjólfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Kjólföt

- Fjárfesting í glæsileika


Þjóðum **20% afslátt** af öllum kjólfötum með svörtu vesti fyrir núverandi og tilvonandi frímúrarábræður.

Verð áður **89.800 kr.** Verð nú **71.920 kr.**

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurþór Þorólfsson, Bóbo

Sigurþór Þorólfsson (Bóbo)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



Stúkusalurinn að loknum gagngerum endurbótum.

Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson

Glæsilega endurnýjaður stúkusalur tekinn í notkun

Þann 20. apríl árið 2013 hófust með formlegum hætti gagngerar endurbætur á St. Jóhannesarsal Regluheimilis Frímúrarareglunnar í Reykjavík. Framkvæmdin sjálf, sem fjármögðuð var af bræðrum í St. Jóhannesarstúkunum í Reykjavík og að langmestu leyti unnin í sjálfbodavinnu, tók einungis um 5 mánuði, með ötulli hjálp dugmikilla bræðra. Árangurinn er glæsilega uppfærð umgjörð þessarrar mikilvægu starfsaðstöðu.

St. Jóhannesarsalurinn var tekinn í notkun árið 1951 við stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi, og hefur staðið meira og minna óbreyttur þangað til núna, ef undanskildar eru lagfæringar

á stólum og bekkjum og breytingar á lýsingu á suður og norðurvegg.

Þegar St. Jóhannesarsalurinn var upphaflega byggður, fyrir rúmum 60 árum, var einungis starfandi ein St. Jóhannesarstúka í Reykjavík, en það var stúkan Edda, þá með 538 bræður. Þeir frumkvöðlar byggðu af eigin rammleik þá starfsaðstöðu sem við höfum notið góðs af í rúm 60 ár, þrátt fyrir að efnahagsaðstæður þá hefðu almennt ekki verið betri en nú. Í dag starfa í húsinu sex St. Jóhannesarstarfsstúkur með rúmlega 1.900 bræður innan vébanda sinna, auk hádegisstúkunnar Iðunnar og rannsóknarstúkunnar Snorra.

Öflugt starf í áratugi hafði óhjá-

kvæmilega gert að verkum að margt var farið að láta á sjá í salnum, en starfið sem á sér stað í þessum sal er á margan hátt undirstaða alls starfs í Regluheimilinu. Endurbætur voru tímabærar.

Að mörgu þurfti að huga. Til þess að undirstrika táknræna merkingu sína þarf salurinn að virka sem falleg og raunsönn umgjörð um starfið, efnisvali þurfti að sinna af mikilli natni og alúð, og niðurstaðan þurfti að endurspeglar táknrænt mikilvægi funda með samspili áferðar, lýsingar og tónlistar.

Frumkvæðið að framkvæmdinni sjálfri kom frá starfsstúkunum í Reykjavík, en var útfærð í nánú sam-



Iðnir bræður að störfum.

Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson

starfi við Stúkuráð og Fjárhagsráð. Aðdragandinn nær rúmlega tvö ár aftur í tímann.

Þann 14. september 2011 á fjárhagsstúkufundi St. Jóh.st. Fjölnis, flutti þáverandi Stólmeistari stúkunnar, Guðmundur Kr. Tómasson, ræðu þar hann tilkynnti að í tilefni 25 ára stórafmælis Fjölnis í janúar 2012 stæði til að færa Reglunni veglega gjöf, fjárhagslega aðstoð og vinnuframlag til endurnýjunar á St. Jóhannesarsalnum.

Þetta var tilkynnt í samráði við hinar St. Jóhannesarstúkurnar í húsinu, en Edda, Mímir, Gimli og Glitnir eiga allar stórafmæli á árununum 2012-2015 og höfðu þær auk Lilju ákveðið að

sameinast um að leggja sitt af mörkum til verkefnisins með fjárframlagi og vinnu til þess að endurbyggja og fegra þessa mikilvægu umgjörð starfa okkar, fyrir okkur sjálfa, og til að taka enn betur á móti komandi bræðrum í hóp okkar.

Allir bræður í þessum stúkum voru í kjölfarið beðnir að taka þátt í þessu átaki eftir efnum og ástæðum. Þeir voru áminntir um að ekki væri einungis um fjársöfnun að ræða, hægt væri að veita áttakinu lið á marga mismunandi vegu, eins og til dæmis með vinnuframlagi.

Ljóst var frá upphafi að þetta stórhuga áttak væri aðeins framkvæman-

legt að vel tækist til með söfnun og sjálfböðavinnu. Endanleg útfærsla var háð samþykki Stúkuráðs. Framkvæmdatími var ákveðinn sumarið 2013.

Fjársöfnun stúknanna gekk afskaplega vel, sem má segja að hafi verið grundvöllurinn fyrir því að til verksins var ráðist með þeim þrótti sem raun bar vitni. Augljóst var frá upphafi að hugur bræðranna til stúkna sinna og Reglunnar var sterkur, og að samhljómur ríkti um verkefnið í salnum sem sameiginlega starfsaðstöðu stúknanna.tengir okkur alla saman.

Í kjölfarið, eða í janúar 2013, tilkynnti ÆR þá ákvörðun sína að heim-

Svipmyndir frá framkvæmdum



Fjöldmargir bræður unnu í sjálfboda-vinnu við framkvæmdirnar.

ila stúkunum að ráðast í endurnýjun salarkynnanna og óskaði þeim velfarnaðar í starfi sínu.

Á systurkvöldum í janúar og febrúar var systurum boðið að skoða salinn í sinni upphaflegu mynd, áður en framkvæmdir hæfust.

Framkvæmdir hófust formlega þann 20. apríl 2013. Skipað var í verk- og faghópa sjálfboda-liða og hafist handa við að rífa niður loft og undirbúa framkvæmdir.

Bræðurnir brettu upp ermarnar. Næg voru verkin. Salurinn var lengdur um tæpan metra til austurs og lög- un himinhvolfs breytt, auk þess sem það var málað í nýjum litum. Sand- steinsflísar eru nú í veggjum og á gólfi salarins, og einnig í forsal, sem er nú eins og salurinn sjálfur í áferð og út- liti.

Sæti og bekkir í austur-, suður- og





Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

Húsnefndin, sem hafði yfirumsjón með hönnunarferli og tillögum um útfærslu framkvæmdanna. F.v. Jón Þór Hannesson, Halldór Guðmundsson, Aðalsteinn V. Júlíusson, Hákon Örn Arnþórsson, Einar Bjarndal Jónsson og lengst til hægri er Jens Sandholt, en hann er formaður stjórihópsins sem hafði umsjón með daglegum framkvæmdum.

norðurhluta salarins voru hækkuð og hurðir endurnýjaðar. Allar raflagnir voru endurnýjaðar og er salurinn nú búinn fullkomnum ljósastryngabúnaði, auk þess sem bætt var við vegg-ljósum í forsal, í stíl við þau sem þegar voru inni í salnum sjálfum.

Súlur salarins voru málaðar og lagfærðar. Loftræsikerfi var endurnýjað og brunavarnir lagfærðar í samræmi við gildandi reglugerðir. Nýju hljóðkerfi var komið fyrir í salnum, og það tengt. Öll opin rými á athafnasvæði St. Jóhannesarsalarins voru þar að auki máluð og snyrt.

Verkið var unnið í sjálfböðavinnu að stórum hluta og fjármagnað að öðru leyti með þjónustu og fjárframlögum frá fjölda bræðra í stúkunum í Reykjavík. Gróflega áætlað er talið að bræður hafi gefið um 4.000 vinnustundir til verksins á tæpum fimm mánuðum.

Glæsilegur lokahnykkur þessa átaks má án efa segja að hafi verið opið hús fyrir bræður, systur og velunnara Frímúrarreglunnar á Íslandi, sem haldið var sunnudaginn 22. september.

Yfir 600 bræður, fjölskyldumeðlimir þeirra og aðrir gestir virtu þar fyrir sér salarkynninn og sáu ávöxt erfiðis bræðranna með eigin augum. Við

þetta tilefni afhenti SMR Reglunnar Stm. St. Jóh.st. Eddu, fyrir hönd allra Stm. Jóhannesarstúknanna lykil að salnum, sem tákn þess að hann sé nú reiðubúinn til notkunar.

Gestunum bauðst að skoða salinn,

sem og önnur rými í Regluheimilinu sem opin eru almenningi við tilefni sem þetta og ÆKR, Örn Bárður Jónsson, flutti blessunarorð.

Þetta vel heppnaða framtak heiðrar þá sem tóku þátt í því, og allir nú-



Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson

Núverandi húsnæði Frímúrarreglunnar á Íslandi, sem í upphafi var iðnaðarhúsnæði, var keypt í nóvember 1949. Hornsteinn byggingarinnar var lagður þann 5. október 1950, húsið vígt á Regluhátíð þann 6. janúar 1951, og tekið í notkun 23. júlí 1951 við stofnun og vígslu Frímúrarreglunnar á Íslandi. Myndin er tekin við opið hús í tilefni af verklokum við Jóhannesarsalinn.



Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson

ÆKR, Örn Bárður Jónsson, flytur blessunarorð í tilefni afhendingar lykla að endurgerðum Jóhannesarsal. Fyrir aftan hann má sjá SMR Val Valsson og stólmeistara St. Jóhannesarstúknanna í Reykjavík.

verandi reglubræður sem og þeir er síðan munu verða boðnir velkomnir til starfa munu njóta afrakstursins um ókomin ár.

Við afhendingu lykils af stúkusalnum þakkaði SMR kærlega fórnfúst starf ótal bræðra, og við bræðurnir sem njóta munum endurbættra salarkynna tókum undir þær kveðjur, og sérstakar þakkir okkar fá:

SMR, Æðsta Rád Reglunnar, Stúkurád og Fjárhagsráð.

Allir þeir ótalmörgu bræður sem lögðu hönd á plóg með fjárframlögum, vinnu, efni og ráðgjöf.

Stólmeistarar Jóhannesarstúknanna í Reykjavík, Eddu, Mímis, Gimli, Glitnis, Fjölnis og Lilju þeir Gunnar Þórólfsson, Hákon Örn Arnþórsson, Guðmundur Kristján Kolka, Kristján Jóhannsson, Stefán Snær Konráðsson og Sigmundur Örn Arngrímsson. Stólmeistarar Snorra og Iðunnar, þeir Haukur Björnsson og Lárus J. Atlason.

Oddviti Fjárhagsráðs, Kristján S. Sigmundsson FHR og Oddviti Stúkuráðs, Gunnlaugur Claessen STR, fyrir aðkomu þeirra, stuðning og samstarf við Stólmeistara starfsstúknanna.

Stýrihópurinn, sem stjórnaði daglegum framkvæmdum undir forystu Jens Sandholts. Með honum í hópnum

voru Aðalsteinn V. Júlíusson, Einar Bjarndal Jónsson, Guðmundur Kr. Tómasson, Halldór Guðmundsson og Sigmundur Örn Arngrímsson

Húsnefndin, sem hafði yfirumsjón með hönnunarferli og tillögum um útfærslu framkvæmdanna. Í henni sitja: Halldór Guðmundsson, formaður; Aðalsteinn V. Júlíusson, Jón Þór Hannesson, Einar Bjarndal Jónsson og Hákon Örn Arnþórsson.

Ritnefnd Frímúrarans hafði samband við nokkra af þeim sem stóðu að og skipulögðu endurbæturnar á Jóhannesarsalnum og spurði þá hvað þeim fyndist standa upp úr, að framkvæmdum afstöðnum.

Gunnlaugur Claessen, Oddviti Stúkuráðs, hrósaði Stýrihópnum sérstaklega fyrir vel unnin störf. Hann segir Stúkurád og Fjárhagsráð hafa fylgst með í góðu samráði við alla framkvæmdaraðila, og að skipulagning og samhæfing hafi öll gengið mjög vel fyrir sig. Hann er afskaplega sáttur við útkomuna og segist þakklátur eldhugunum sem hafi hrundið verkinu af stað, sem og öllum þeim fjölmörgu bræðrum sem unnu að því að svo vel gekk sem raun bar vitni.

Guðmundur Kr. Tómasson, fyrrverandi Stólmeistari Fjölnis, segir að nýr og endurbættur Jóhannesarsalur

sé draumur sem hafi orðið að veruleika fyrir tilstilli samvinnu og samstöðu bræðra. Hann segir að nú þegar framkvæmdum sé lokið, sé ofarlega í huga þakklæti til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg með fjárframlögum og vinnu og fyrir að hafa fengið að vera þátttakandi í verkefninu. Hann segir framkvæmdirnar hafa farið fram úr sínum björtustu vonum, og að árangurinn sé glæsileg starfsaðstaða sem sé sameign okkar allra.

Kristján S. Sigmundsson, Oddviti Fjárhagsráðs, segist þakklátur fyrir frumkvæði og drifkraft grasrótunarinnar í stúkustarfinu. Það hafi fylgt því hugrekki að takast á við slíkar framkvæmdir á erfiðum tímum sem þessum, en að hjartsýni hafi verið ríkjandi frá upphafi, og það hafi skilað sér í góðu verki. Kristján segir það hafa verið ánægjulegt að sjá svona veglega að verki staðið, og að honum sé hugsað til stúknanna á landsbyggðinni, sem haldi á þennan sama hátt uppi veglegum húsakynnum með ómældri vinnusemi bræðranna, þrátt fyrir að bæjarfélögin séu oft mjög smá.

Jens Sandholt var formaður Stýrihópsins. Hann segir að gaman hafi verið að upplifa þá gríðarlegu stemningu og samhug sem kom í ljós þegar framkvæmdirnar hófust, þá hafi mikill



Ljósabúnaður salarins prófaður.

Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson

athafnakraftur verið leystur úr læðingi, sem hafi verið frábær byrjun á góðu starfi. Hann segir að við framkvæmdir sem þessar komi sífellt í ljós nýir hlutir sem endurbæta þurfi, og það hafi verið reyndin hér líka, en að það hafi allt verið leyst á besta veg og til hins betra. Hann segir kraftmikið sjálfböðastarfið hafa farið fram úr öllum væntingum.

Gunnar Þórólfsson, Stólmeistari Eddu, segir að þegar litið sé yfir afstaðnar framkvæmdirnar, sé sér efst í huga mikið stolt yfir útkomunni og þakklæti fyrir ómetanlegt framlag bræðranna til verksins. Hann segir að gaman sé að upplifa almenna ánægju bræðranna með glæsilegan og stærri sal, og að jafnvel þeir sem í upphafi hafi

haft einhverjar efasemdir um nauðsyn framkvæmdanna séu nú hæstánægðir með niðurstöðuna, enda sé hún öllum til sóma.

Halldór Guðmundsson, formaður Húsnefndarinnar, segir að allt frá upphafi hafi verið lögð afar mikil áhersla á að vanda vel til verksins svo að útkoma framkvæmdanna endurspeglai einfaldan virðuleika. Það hafi átt við bæði um vinnuna alla, en ekki síður efnisval, sem allt vísar til hefða í frímúrararstarfinu og sögu Reglunnar. Öllum sem að komu hafi verið umhugað um að það sem gert væri stæðist tímans tönn og entist og þjónaði starfinu lengi og vel. Þarfar endurbætur á minna sýnilegum hlutum eins og loft-

ræsikerfi auki enn á ánægjulega upplifun í fundarstarfinu.

Aðalsteinn V. Júlíusson, Varaoddviti Stúkuráðs og meðlimur í Stýrihópi, lýsir yfir ánægju sinni með samstöðuna í kringum verkið allt, og telur að verkefni sem þessi þjappi bræðrunum saman um sameiginleg markmið þeirra á ánægjulegan hátt. Það hafi verið ljóst strax þann 20. apríl, þegar herskari bræðra mætti til niðurrifs, að samhugur væri um verkið. Hann segir það hafa verið sérstaklega ánægjulegt að upplifa að eldri bræður sem starfað hafa í áratugi í húsinu þekki salinn sinn aftur, að þrátt fyrir breytingarnar sé þetta enn sami salurinn, einungis uppfærður.

Pétur S. Jónsson



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Ludvig Emil Kaaber má kalla föður Eddu og frímúrarastarfs á Íslandi. „Hann ber höfuð og herðar yfir aðra varðandi tilurð stúkunnar og hennar fyrstu spor,“ segir Gunnar Þórolfsson, Stm. St. Jóh.stúkunnar Eddu, í grein á næstu síðu. Bræðrafélagið Edda var stofnað á heimili Kaabers að Hverfisgötu 28 í Reykjavík 15. nóvember 1913. Hér standa þeir við málverk af Ludvig Kaaber, afa sínum, þeir Tómas Kjartan Kaaber, Magnús Björn Björnsson, Edvin Mikael Kaaber og Sverrir Örn Kaaber. Myndin var tekin á hátíðarfundum Eddu 15. nóvember sl.

Ein öld frá stofnun Bræðrafélagsins Eddu

Þann 15. nóvember 1913 stofnuðu sjö frímúrarar Bræðrafélagið Edda og er því liðin ein öld frá þessu upphafi formlegs frímúrarastarfs á Íslandi. Af því tilefni var haldinn hátíðarfundur í St. Jóh.st. Eddu 15. nóvember sl.

Frímúrarinn minnst þessara tímamóta með því að birta hér ávarp Gunnars Þórolfssonar, Stm. Eddu, á fundinum. Einnig birtist hér merkileg grein eftir Jón Birgi Jónsson,

fv. HSM Frímúrarareglunnar, um stofnun Bræðrafélagsins og upphafsár frímúrarastarfs á Íslandi. Grein þessi er úrdráttur úr rannsóknarerindi sem Jón Birgir flutti á fundi rannsóknarstúkunnar Snorra á Egilsstöðum 12. október sl. Af þessu sama tilefni birtist hér einnig áhrifamikið ávarp Geirs Tómassonar, sem hann flutti á Jónsmessufundi St. Jóh.stúkunnar Eddu 24. júní sl.

Frumkvöðlarnir settu markið hátt

eftir Gunnar Þórólfsson

15. nóvember 1913 var merkisdagur í sögu okkar frímúrara, því hann markaði upphaf formlegs frímúrarastarfs hér á landi.

Núna eru því 100 ár liðin frá því að sjö frímúrarabræður, sem voru félagar í dönskum og enskum frímúrarastúkum, stofnuðu bræðrafélagið Eddu. En þeir létu ekki þar við staðar numið. Markið var sett hátt og með eldlegum áhuga og dugnaði, með þrautseigju, staðfestu og förnfýsi juku þeir starfið og 6. janúar 1918 fengu þeir leyfi dönsku Reglunnar til að stofna fræðslustúkuna Eddu upp úr bræðrafélaginu. Fræðslustúkan starfaði stutt, aðeins í eitt ár, og þann 6. janúar 1919 var St. Jóh.st. Edda stofnuð af 14 bræðrum, sem í lok þess sama dags voru orðnir 20 með þremur bræðrum, sem fluttu sig frá erlendum stúkum og þremur, sem hlutu upptöku í stúkuna þennan sama dag. Síðan þetta gerðist hefur mikið vatn runnið til sjávar í frímúrarastarfi hérlendis.

Eins og þið getið ímyndað ykkur, sem til þekkið, hefur það ekki verið lítið né auðvelt mál árið 1919 að ráðast í stofnun frímúrarastúku hér uppi á Íslandi og uppfylla öll þau ströngu skilyrði, sem því fylgdi. Ekki einungis hefur þetta kostað mikla fjármuni fyrir fámennan hóp bræðra að ráðast í heldur hafa forsvarsmennirnir líka þurft að taka á sig persónulega margháttáðar skuldbindingar, svo þetta yrði að veruleika. Ásættanlegt húsnaði þurfti að tryggja og á þessum árum var efnahagur manna sem og þjóðar ekki of blómlegur. En frumkvöðlarnir settu markið hátt, fullvissir þess, að með því sköpuðu þeir þann grunn, sem öflugt frímúrarastarf framtíðar gæti byggst á og þeim varð að ósk sinni.

Þegar þessi saga er rifjuð upp og frumherjanna minnst getur oft reynst erfitt að geta eins umfram annars. En í sögu stúku okkar er það einkum einn maður, sem ber höfuð og herðar yfir aðra varðandi tilurð stúkunnar og hennar fyrstu spor. Þetta er br. Ludvig Emil Kaaber, fv. bankastjóri



Gunnar Þórólfsson, Stm. St. Jóh.st. Eddu.

Landsbanka Íslands. Óhætt er að segja að áhugi hans og kraftur, tengsl við Danmörku og sjálfsagt bjartsýni og þrjóska, hafi öðru fremur verið rötin af því að Edda varð til. Hann má því kalla föður hennar og þar með föður frímúrarastarfs á Íslandi

Þótt sagan segi frá eldhuga, frumkvöðli, manni með mikinn drifkraft eða hvaða nafn við viljum gefa br. Ludvig Emil Kaaber, sem upphafsmanni stúku okkar, þá vitum við að maðurinn er ekkert eyland. Án bræðrahóps er ekkert starf og til þess að stúka geti starfað þarf hóp embættismanna til að stjórna starfinu á hverjum tíma. Í 100 ára sögu Eddu hefur því margur bróðurinn komið að starfinu og þeir eru orðnir margir bræðurnir, sem horfnir eru til austursins eilífa, sem lögðu á sig ómælt og óeigingjarnt starf til að gera veg stúkunnar sem mestan og starf hennar sem innihaldsríkast í anda frímúrarafraða. Öllum þessum bræðrum eigum við og stúkan mikið að þakka. Á þessum tímamótum minnumst við þessara bræðra með þökk og hlýhug fyrir allt það, sem þeir unnu stúkunni í okkar þágu.

Mig langar til að nefna nöfn 10 fyrstu bræðra okkar í Eddu, en þeir

eru; Ludvig Emil Kaaber, Holger Detell, Magnús Sigurðsson, Sveinn Björnsson (síðar forseti Íslands), Arent Claessen, Jón J. Aðils, Carl Olsen, Ólafur G. Eyjólfsson, Hannes S. Hansson og Egill Jacobsen. Þess má geta, að Egill Jacobsen var sá fyrsti, sem lagði til fé í húsbýggingarsjóð Reglunnar eða 1.000 kr. árið 1913, sem væri milljónir króna framreiknað til dagsins í dag.

Bræðrafélag Eddu var stofnað á heimili Kaabers, að Hverfisgötu 28 hér í Reykjavík, en þegar fræðslustúkan var stofnuð, þann 6. janúar 1918 þá var starfsemin komin í Austurstræti 16 eða Reykjavíkुरapótek, eins og við köllum það nú. Þegar fræðslustúkan var stofnuð þann 6. janúar 1918, þá ríkti frostaveturinn mikli hér á landi og þá var hægt að ganga á ís frá Akranesi til Reykjavíkur. Á stofndegnum var frost inni í salnum, sem var á efstu hæð í Austurstræti 16, svo bræður hafa verið kappklæddir við þessar aðstæður. Það var svo þann 6. janúar 1919 sem St. Jóh.st. Edda var stofnuð eða fyrir um 94 árum.

Nú, 94 árum eftir að 14 bræður stofnuðu St. Jóh.st. Eddu, 6. janúar 1919, hefur frímúrarastarf hérlendis tekið miklum breytingum. Á meðan við heyrðum undir dönsku Regluna voru auk Eddu stofnaðar hér Stúartstúka 1934, sem nú er Landsstúkan, Jóh.st. Rún 1932, Andr.st. Helgafell 1934 og Andr.st. Huld 1949. Hinn 23. júlí 1951 var svo Frímúrarareglan okkar stofnuð og frá þeim tíma lýkur stjórn dönsku Reglunnar á frímúrarastarfi hérlendis. Í dag starfa innan Reglunnar Landsstúka, Stúartstúka, 4 Andrésarstúkur, 17 Jóhannesarstúkur, 1 Andrésar fræðslustúka og 4 Jóhannesar fræðslustúkur með rúmlega 3.500 bræðrum. Það má því segja að ávöxtur frumkvöðlanna, sem fyrir tæpum 100 árum ákváðu að hefja hér frímúrarastarf með stofnun Eddu, hafi svo sannarlega borið ríkulegan ávöxt auk þeirra góðu áhrifa, sem boðskapur frímúrarastarfsins fylgir.

Það er svo okkar verk að bera kyndilinn til næstu kynslóðar.

100 ár frá stofnun bræðrafélagsins Eddu Upphaf frímúrarastarfs á Íslandi

eftir Jón Birgi Jónsson

Segja má að saga frímúrarastarfs á Íslandi hafi byrjað á árunum 1905–07 þegar Hannes Snæbjörn Hanson flytur aftur til Íslands frá Bandaríkjunum eftir að hafa verið starfandi í frímúrarareglunni í North Dakota frá 1890. Um sama leyti kemur hingað til Íslands og sest hér að annar frímúrarari sem kom frá Danmörku, Ludvig E. Kaaber sem nýlega hafði verið tekinn upp í stúkunni Zorobabel og Frederik til det kronede Haab, Z&F, í Kaupmannahöfn.

Þó svo að þeir hafi ekki þekkt þegar Hannes S. Hanson kemur frá Bandaríkjunum og Ludvig E. Kaaber frá Danmörku er ljóst að tengsl og vinskapur myndast strax á milli þeirra vegna áhuga þeirra beggja á frímúrarastarfi.

Fljótlega bætast í hópinn Magnús Sigurðsson og Sveinn Björnson, báðir yfirréttarmálaflutningsmenn. Hingað höfðu komið og sest hér að tveir danskir frímúrarar og loks kemur hingað frá Skotlandi Ásgeir Sigurðsson sem hafði starfað þar sem frímúrarari.

Þessir sjö bræður stofna síðan saman Bræðrafélagið Eddu, berjast fyrir stofnun fræðslustúku og loks fullgildri starfandi St. Jóh.stúku en frá þessu er greint hér á eftir.

Frímúrarastarf hófst í Danmörku 1743 og voru flestar St. Jóh. stúkurnar stofnaðar með stofnbréfi útgefnu í London. Á fyrstu árunum eftir 1743 var enska kerfið ráðandi en einmitt um þetta leyti var að þróast annað kerfi í Þýskalandi og víðar í Mið-Evrópu, Stricte Observans kerfið. Það barst fljótt til Dannmerkur og varð allsráðandi frá 1765. Árið 1785 var enn breytt um kerfi og nú var unnið eftir Det rectificerede System.

Þegar hér var komið sögu höfðu Danir unnið eftir þremur kerfum. Fjórða kerfið bættist við þegar ákveðið var árið 1858 að taka upp sænska kerfið og danska frímúrarareglan fékk heitið Den Danske Store Landsloge, DDSL, sem starfaði innan VIII



*Jón Birgi Jónsson, fv. HSM
Frímúrarareglunnar á Íslandi.*

Frimurer – Provinsins, VIII. Umdæmis.

Þegar sænska kerfið var tekið upp varð embættisheiti æðsta stjórnanda Frímúrarareglunnar í Danmörku „Den VIII Frimurerprovins Viseste Salomo Vicarius, (V.S.V.) og Styrende Mester“. Hér á eftir verður V.S.V. notað um æðsta stjórnanda dönsku Reglunnar enda var það viðtekin regla á þessum tíma.

Áður en Hannes S. Hanson og Ludvig E. Kaaber koma til sögunnar hér á landi og leggja drög að stofnun Bræðrafélagsins er vitað um 14 íslenska frímúrara sem gengu í frímúrarastúkur erlendis.

Bræðrafélagið Edda

Síðdegis fimmtudaginn 13. nóvember 1913 komu saman allir þeir íslenskir og danskir frímúrarar, sem búsettir voru hér á Íslandi, til þess að stofna hér bræðrafélag íslenskra frímúrara.

Hannes Snæbjörn Hanson, sem gekk hinn 8. febrúar 1890 í Crystal Lodge í North Dakota í Bandaríkjunum, flutti alkominn heim árið 1905 og settist að í Reykjavík. Hann er sá fyrsti úr þessum hópi sem náði því

að vera starfandi frímúrarari erlendis, flytja heim og geta sinnt frímúrarastarfi hér á landi. Hannes var alltaf mjög áhugasamur frímúrarari.

Árið eftir að Hannes settist að hér á landi gekk sá maður í Regluna sem eins og segir í 25 ára afmælisriti frímúrarareglunnar, „... sem öllum öðrum fremur má teljast faðir frímúrarareglunnar á Íslandi, Ludvig Emil Kaaber. Hann gekk í st.: Z&F í Kaupmannahöfn 21. febrúar 1906. Voru þeir Hanson og hann um eitt skeið einu frímúrararnir hér á landi, en smátt og smátt tóku fleiri að bætast í hópinn og mun það mest hafa verið áhrifum Kaabers að þakka, sem þá þegar hafði fengið sinn brennandi áhuga á málefnum Reglunnar.“

Árið 1909 gekk Magnús Sigurðsson, þá yfirréttarmálaflutningsmaður, í stúkuna Z&F og ári síðar gekk Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður einnig í sömu stúku.

Tveir danskir bræður settust að hér á landi um líkt leyti, þeir Holger Debell, framkvæmdastjóri, úr stúkunni Nordstjernen í Kaupmannahöfn og Frederik Olsen, timburmeistari, úr stúkunni Kosmos í Helsingjaeyri.

Í fyrrnefndu afmælisriti segir einnig: „... Safnaðist þannig smátt og smátt dálítil hópur af frímúrum í bænum. Komu bræður þessir stöku sinnum saman á hátíðisdögum Reglunnar, t.d. 6. jan. 1913 og sendu þeir núverandi V.S.V. VIII umdæmis Reglunnar, (Kristjáni X Danakonungi og æðsta stjórnanda dönsku Reglunnar), heillaóskir sínar, en hann hafði tekið við embætti 15. júní 1912.“

Hjá þessum frímúrarabræðrum vaknaði fljótt löngun til þess að koma upp stúku í einhverri mynd, því þeir áttu engan möguleika á að taka þátt í frímúrarastarfi hér á landi. Sex bræður voru þá hér á landi en sá sjöundi bættist í hópinn þá um haustið þegar Ásgeir Sigurðsson konsúll gekk í stúkuna Lodge of Edinburgh (St. Mary's Chapel) No. 1 í Skotlandi þann 25. september 1913.

Hinn 15. nóvember 1913 tóku þeir fyrsta skrefið í þá átt og stofnuðu

Bræðrafélag er þeir nefndu Eddu. Félagið skyldi hafa þriggja manna stjórn, formann, gjaldkera og ritara. Félagssmaður gat hver sá orðið, er tekinn hafði verið upp í löglega stúku, er viðurkennd væri af stórstúkunni dönsku, og stjórn Bræðrafélagsins samþykkti. Stofnendur voru eins og áður sagði sjö:

Ludvig E. Kaaber	IV-V°
Holger Debell	III°
Hannes S. Hanson	III°
Sveinn Björnsson	III°
Ásgeir Sigurðsson	III°
Frederik Olsen	III°
Magnús Sigurðsson	I°

Ludvig E. Kaaber varð formaður, Sveinn Björnsson ritari og Holger Debell gjaldkeri.

Í skjalasafni Reglunnar fannst skjal sem er handskrifað og nokkurs konar yfirlit um fyrstu samstillt spor frímúrara á Íslandi. Skjalið er ódagsett en sennilega skrifað eftir fyrsta fund Bræðrafélagsins í desember 1913 og skrifað af Sveini Björnssyni, metið eftir rithönd hans og einnig eins og þar kemur fram þá var hann tilnefndur ritari Bræðrafélagsins.

Þetta skjal, sem er það elsta sem fundist hefur í skjalasafni Reglunnar um Bræðrafélagið og hefur auk þess mikið sögulegt gildi, hefur verið fært Minjasafni Reglunnar til varðveislu.

Á stofnfundi Bræðrafélagsins þann 15. nóvember 1913 hélt Ludvig E. Kaaber ávarp í upphafi fundar en síðan hélt hann fræðsluerindi. Bæði þessi erindi eru til í skjalasafni Reglunnar.

ar. Í lok fræðsluerindisins spyr hann um skyldur sérhvers frímúrara, sem gefur tilefni til að ætla að einhverjir síðabálkar hafi verið notaðir á fundum Bræðrafélagsins.

1. Broder Sekretær. Hvilke dit betroede Embede frimurerisk beflittet sig at udføre?
2. Have vi i Dag overholdt disse vore Pligter?
3. Vi have altsaa endnu ikke en af vore ældgamle Frimurerpligter at overholde. Broder Skatmester maa jeg sørge for, at vi kan opfylde dem?
4. Have vi nu opfyldt vore Pligter?
5. Har nogen noget paa Hjertet til Ordførende Taler og Broderforeningens Bestyrer?

Þó svo að hvergi sé skráð að fundir hafi verið settir og þeim slitið að frímúrarsíð bendir þetta þó á að slíkt hafi verið gert og gefur þetta einnig vísbendingu um að einhverjir síðabálkar hafi verið notaðir. Hafi slíkt verið gert er líklegt að það hafi verið eftir minni bræðranna því engir löglegir síðabálkar voru til hér á landi og alls ekki fyrir Bræðrafélög sem voru ekki viðurkennd innan dönsku Reglunnar.

Í fyrrnefndu afmælisriti segir einnig: „... L. Kaaber lét bræðrafélaginu í té herbergi í húsi sínu, Hverfisgötu 28, og voru fundir haldnir þar. Flutti hann sjálfur fræðsluerindi á hverjum fundi. Fundir voru jafnan mjög vel sóttir og samvistir bræðranna þar mjög ánægjulegar.“

Í erindi sem Sveinn Kaaber, sonur

Ludvig E. Kaaber, þáverandi Stm. stúkunnar Eddu, hélt á H&V fundi stúkunnar þann 24. júní 1970 segir hann frá starfi Bræðrafélagsins en fundir þess voru haldnir á efstu hæð í húsi foreldra hans, þar segir m.a.: „... Á efri hæð hússins var stórt herbergi, sem við nefndum Sal. Loftið í salnum var málað himinblátt, veggirnir gulir. Þar stóð orgel og stólum var raðað meðfram veggjunum. Gengið var inn um dyr í vestri og herbergið sneri í austur og vestur. Þetta var því tilvalinn fundarstaður fyrir bræðrafélagið.“

Frá fyrsta afmælisfundi stúkunnar Eddu þann 6. janúar 1920, sem v. Stm. stúkunnar, Sveinn Björnsson, stjórnari eru til í bréfasafni hans í skjalasafni Reglunnar „Punktur“ úr erindi sem hann hélt undir borðum H&V. Þar segir m.a.:

„Talaði við V.S.V.“

„Vorið 1915 var eg, ásamt öðrum alþingismönnum, boðaður á konungsfund útaf stjórnmalavandræðum.“

Kyntist eg þá fyrst Kristjáni konungi X og ræddi við hann nokkrum sinnum. Var hann mjög vingjarnlegur í minn garð. Áður en við skildum sagði hann við mig eitthvað á þessa leið: „Þér skuluð koma til mín, hvenær sem er, ef eg kynni að geta orðið yður að einhverju liði.“

1917 var ferð minni heitið til Khafnar. Hafði þá undanfarið staðið í miklu stappi við St.L.L. í Khöfn (Store Lands Loge) útaf stúkustofnun. Sagði eg Kaaber áður en eg fór, að eg væri



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Frá hátíðarfundum Eddu 15. nóvember. Tónlistarmennirnir Örnólfur Kristjánsson, Jónas Þórir Þórisson, Eiríkur Hreinn Helgason og Kristján Jóhannsson.



Eddubræður á leið í reiðtúr. Á þessum árum var algengt að farið væri á hestum út fyrir bæinn.

Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson

að hugsa um að tala við Konung og heita á hann til fulltingis. „Gerðu það,“ sagði Kaaber.

Er til Khafnar kom gekk eg á konungsfund. Í lok viðtalsins minnst eg í framangreind orð Konungs 1915. Hann sagði: „Látið mig bara heyra ef þér hafið eitthvað á hjarta.“ Sagði eg honum svo frá því hvert áhugamál okkar væri að fá Frm.stúku í Reykjavík og vandræðum, sem okkur mætti. Hét nú á hann til fulltingis. „Ég skal minnst þessa og hjálpa eins og get,“ sagði Konungur.

Nokkru seinna átti eg tal við Faurholt, þáv. Præses, oddvita, stúkuráðs. Sagði hann eitthvað á þessa leið: „Þið munuð fá vilja ykkar, því þið hafið stuðning þess sem mest ræður hér í Danmörku í Frímúraramálum.“ O.P.C. Faurholt var S.T.St. M. Salomos Tempels Stor-Marchal dönsku Reglunnar 1914-1919. Hann var mjög vinveittur Íslendingum og kom mikið við sögu þegar stúkan Edda var stofnuð.

Í minningarræðu, sem Sigurgeir Sigurðsson biskup, þáverandi Stm. stúkunnar Eddu, hélt um Kristján X. Danakonung og V.S.V. dönsku Reglunnar á fundi stúkunnar þann 30. apríl 1947 segir m.a.: „... Í öll þau skifti sem hann sótti Ísland heim, kom hann hingað upp í þessi heimkynni vor og kynnti sér starfsaðstæður hér, heilsaði upp á þá bræður er hann átti kost á og fagnaði framför, vexti og viðgangi

hins íslenska frímúrarastarfs. – Fullur helmingur þeirra frímúrarabréðra íslenskra er fengið hafa 8. stig Reglu vorrar munu hafa af honum þegið vígslu og nær allir þeir sem 9. stig hafa fengið.“

Í erindi sem Sveinn Kaaber, sonur Ludvig E. Kaaber, þáverandi Stm. stúkunnar Eddu, hélt á H&V fundi stúkunnar 24. júní 1970 þar sem hann segir frá starfi Bræðrafélagsins, en fundir þess voru haldnir á efstu hæð í húsi foreldra hans, segir m.a.:

„...Fyrstu kynni mín af Reglunni voru á afmælisdegi mínum 24. júní. Við Axel [*tvíburabróðir Sveins*] vorum smástrákar og við vorum sendir út í bæ til þess að gá að rauðum rós-um í gluggum bæjarbúa. Við áttum að kaupa þær, ef þær voru falar. Okkur gekk heldur illa að útvega rósirnar. Bræðurnir héldu fund og þeim hafði verið boðið í kvöldverð. Kodelettur voru steiktar handa þeim. Ég minnst þess að ég var mjög sár því að ég fékk ekki einu sinni að krækja mér í kodellettu af fatinu.“

Síðar segir í erindinu „... 24. júní 1916 komu bræðurnir saman á hestbaki fyrir framan húsið okkar á Hverfisgötu. Þá var tekin mynd af þeim, ágæt ljósmynd, áður en þeir héldu af stað til Þingvalla. Ég minnst þess sérstaklega, vegna þess, að ég horfði á, þegar myndin var tekin og dáðist mjög að hinni myndarlegu riddaraliðssveit. Úr þessu ferða-

lagi kom faðir minn heim með gráan gæðing, sem Matthías læknir hafði gefið EDDU, og seldur hafði verið á uppboði á Þingvöllum til ágóða fyrir væntanlega Stúkubyggingu. Bræðurnir höfðu keypt Grána og gefið hann Eddu aftur og aftur, hvað eftir annað. Loks keypti br.: Carl Olsen hestinn fyrir 2.000 krónur og gaf þabba hann, með því skilyrði, að hann færi ekki á uppboð oftar.”

Þegar Bræðrafélagið var stofnað voru stofnfélagar 5 íslenskir og 2 danskir frímúrarar en þegar starfsemi þess lauk í árslok 1917 höfðu 8 íslenskir frímúrarar búsettir á Íslandi gengið í stúkuna Z&F í Kaupmannahöfn.

Arent Claessen, konsúll,
Jón J. Aðils, docent,
Carl B.H. Olsen, konsúll,
Ólafur G. Eyjólfsson, kaupmaður,
Egill Jacobsen, kaupmaður,
Matthías Einarsson, læknir,
Jón Björnsson frá Bæ, kaupmaður í Borgarnesi,
Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri.

Richard Braun, kaupmaður, úr stúkunni Carl Zum Felsen í Altona í Þýskalandi, sem kom til Íslands 1914 hafði einnig bæst í hópinn. Bæði hann og Frederik Olsen fluttu síðar af landi brott svo félagarnir voru orðnir 14.

Aðeins tveir af þessum brautryðjendum, þ.e. félögum í Bræðrafélaginu og Fræðslustúkunni, þeir Sveinn Björnsson og Arent Claessen, lifðu



Starfandi embættismenn St. Jóh.st. Eddu á hátíðarfundinum 15. nóvember sl.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

það að taka þátt í stofnun Frímúrara-reglunnar á Íslandi 1951.

Á meðan Bræðrafélagið starfaði gekk Tryggvi Jóakimsson kaupmaður í stúkuna Frederik Lodge í New York. Hann varð síðar virkur þátttakandi í frímúrarastrarfi hér á landi,

Félögum í Bræðrafélaginu var alltaf ljóst að stofnun þess var aðeins fyrsta sporið og markið var að fá hér stofnaða fullgilda starfandi St. Jóh. stúku.

Samskipti Bræðrafélagsins við dönsku Regluna

Strax eftir að Bræðrafélagið hafði verið stofnað var reynt að fá viðurkenningu þess hjá dönsku Reglunni og sendir Bræðrafélagið bréf til dönsku Reglunnar aðeins þrem dögum eftir stofnun þess eða þann 18. nóvember 1913.

Þess ber þó að geta, að fyrir milligöngu br. Ásgeirs Sigurðssonar mun það boð hafa borist frá skoskum frímúrarastræðrum að þeir myndu vilja stuðla að því að stúka sem starfaði eftir hinu skoska kerfi yrði stofnuð hér á landi. En þar sem bræðurnir hér í Reykjavík voru allir aðrir en Hannes, sem varð þó félagi í Z&F árið 1916 og Ásgeir, í stúkum, sem störfuðu eftir sænska kerfinu, varð ekki úr því að hinu skoska boði væri tekið, heldur sneri Bræðra-

félagið sér til yfirstjórnar dönsku Reglunnar.

Þessi hugmynd um að vinna með skosku Reglunni var oft til umræðu á meðal íslenskra frímúrara og sérstaklega þegar farið var að ræða sjálfstæða frímúrara-reglu hér á landi. Mörgum þótti sænska kerfið sem danska Reglan vann eftir of þungt, flókið og dýrt í rekstri og enska kerfið gæti hentað okkur betur.

Margir af framámönnum á meðal íslenskra frímúrara voru á þessari skoðun og töldu réttilega að einfaldara og auðveldara væri að fá heimild til að stofna sjálfstæða frímúrara-reglu í samstarfi við skosku Regluna. Þetta var góður kostur en samt ekki besti kosturinn.

Fyrirnefnt bréf frá 18. nóvember 1913 var einkum til þess að tilkynna dönsku Reglunni um stofnun Bræðrafélagsins og óska þess „... at maatte faa Spørgsmaals- og Instruktionsbögerne for de tre Johannesgraderne sendt hertil Reykjavik, saaledes at vi, ved Hjælp heraf, kan faa Mulighed for at arbejde paa det Formaal, vi har stillet os, at fremme Kundskap om og Forstaaelse af Frimureriet.“

Ljóst er að danska Reglan hafði áhyggjur af því að bækur og rit um frímúrarafræði sem, ef til kæmi að yrðu send til Íslands, kæmust

í hendur óupplýstra, t.d. ef frímúrarastrarf legðist af eða af einhverri annarri ástæðu.

Frímúrarastræður í Danmörku spurðu hvort ekki væri unnt að geyma þessar umræddu bækur og rit í banka, í læstum kassa og stúkuráð DDSL hefði lykil ef á þyrfti að halda.

Í einu af bréfum Ludvig Kaaber til dönsku Reglunnar segir m.a.: „... Jeg havde tænkt mig, at købe en stor, svær Jernkiste med en sol-id og sikker Laas og opbevare Materialet deri. – Kisten vilde jeg have staaende i et aflaaet Værelse, der ellers ikke benyttes og Nøglen til Kisten vilde jeg opbevare i en lille Jernkasse, der staar i et aflukket Rum i mit Chatol.“

Svar kom frá stúkuráði dönsku Reglunnar með bréfi dags. 15. febrúar 1914 þar sem því er hafnað að Bræðrafélagið fái til sín „Spørgsmaals- og Instruktionsbögerne for de tre St.: Joh.: Grader, „... skal Direktoratet tjll. og br.: meddele, at man, hvor gerne man end har villet imødekomme de fremsatte Ønsker, dog maa være overvejende Betænkelighed ved foreslaede Ordning, som er ganske uden Sidestykke her i Provinsen og hvortil ikke kan paapeges nogen Hjemmel.“

Stúkuráð mælir samt með því að unnið verði að því að hér verði stofn-

uð St. Jóh.fræðslustúka. Með bréfinu fylgdi eintak af „Regulativ for Sect. Johannes Instruktionsloger“.

Bræðrafélagið svaraði enn með bréfi 15. apríl 1914 og kvað fræðslustúku geta orðið mikilsverða sem nauðsynlegan millilið til fullkominnar St. Jóh.stúku. En bræðurnir hér heima vildu ekki sækja um leyfi til að stofna fræðslustúku, því þeim var ljóst, að ekki mundi fjölga í Reglunni hér nema að hægt yrði að veita mönnum upptöku hér heima, kostnaður allur við fræðslustúku, húsnæði o.fl. aftur á móti meiri en svo, að létt yrði að bera fyrir svo fámennan hóp sem hér var þá fyrir.

Bræðrafélagið svarar bréfi frá 15. apríl í nóvember. Í lok bréfsins er ósk að eftir að danska Reglan samþykki og veiti velþóknun til stofnunar stúku hér á landi því þá muni Bræðrafélagið og félagar þess byggja eða kaupa stúkuhús sem verði tilbúið til vígslu og notkunar haustið 1916.

En í millitíðinni, 27. september, hafði Ludvig E. Kaaber skrifað vini sínum V.E. Tychsen einkabréf þar sem hann greinir honum frá hugleiðingum sínum um bréf til stúkuráðs frá 15. apríl.

Því meira sem hann hugsar málið sé hann sannfærður um að fræðslustúka henti ekki hér á landi miðað við aðstæður. Hér á landi séu margir sem vilji gjarna verða frímúrarar en fæstir hafi tök á því að ferðast til Kaupmannahafnar að vetri til upptöku, svo ekki fáiast nægilegur fjöldi bræðra til þess að standa undir kostnaði við að reka fræðslustúku. Ludvig E. Kaaber leggur síðan fram tillögu um að sendinefnd frá DDSL komi til Íslands, stofni hér stúku með íslenskum bræðrum og dönskum embættismönnum og taki síðan upp íslenska bræður til þess að manna stúkuna. Síðan geti Íslendingar tekið við og eins og hann segir í bréfinu: „... Jeg har, med nogenlunde Vished, at kunne forudsige at vi i saa Tilfælde, i Løbet af 2 Aar vil være 50 Medlemmer i Logen – Mindst.“

Edda var stofnuð þann 6. janúar 1919. Tveimur árum síðar höfðu 63 félagar bæst í hóp bræðra í Eddu og félagar orðnir alls 86.

Svar frá dönsku Reglunni (stúkuráði) kemur 1. febrúar 1916 þar sem ósk um stofnun stúku á Íslandi haustið 1916 er ekki svarað, en bent á að ef til þess komi að stofnuð verði hér á landi fullgild starfandi stúka þurfi mikinn



Þegar starfsemi Bræðrafélagsins lauk í árslok 1917 voru bræðurinn 14 talsins.

undirbúning og þó svo að íslenskir frímúrarar nái að uppfylla nokkur af nauðsynlegum skilyrðum sé ljóst að veita þyrfti margvíslegar undanþágur frá Grundvallarlögum Reglunnar.

Áður en þessu bréfi er svarað fer stjórn Bræðrafélagsins, Ludvig E. Kaaber, Holger Debell og Sveinn Björnsson, til Kaupmannahafnar í lok febrúar 1916 og hitta þar oddvita stúkuráðs og ef til vill fleiri en ekki finnst nein skýrsla um þessar viðræður.

Þann 16. júní 1916 svarar Bræðrafélagið bréfinu frá 1. febrúar og vísar einnig til fundarins í Kaupmannahöfn í lok febrúar. Í þessu bréfi er í fyrsta sinn rætt um að leigja hæð í húsi við Austurstræti, hús sem síðar var þekkt sem Reykjavíkुरapótek: „... Nu stiller Forholdene sig imidlertid saaledes, at en Br., d.v.s. St.: Joh.: M.:, Grosserer Carl Olsen, er ved at opføre en meget stor forretningsbygning, i hvilken der ikke vil være Beboelse, men kun for Forretningslokaler.- Huset opføres i fire etager, med elektrisk lys og Elevator, ligger paa Byens aller bedste Strøg, opføres helt igennem af Beton (Cement-Støbning), smukt og solidt i enhver Retning. Islandsk Landsbank har sikret sig Stue-Etagen for en længere Aarrække og i de andre Etager vil der, som anført ikke blive Beboelse, men udelukkende Kontorer og

Udstillingslokaler, der ikke benyttes om Aftenen.“

Síðar í bréfinu er húsnæðinu lýst nánar og gerð grein fyrir hugsanlegum leigukjörum. Í lok bréfsins segir m.a.: „... Vi tillade os derfor hermed at forespørge, om vi maa leje denne Etage og gøre Kontrakt med Ejeren for 5 Aar, saaledes at vi i sin Tid faar Tilladelse til at oprætte en arb. St.: Joh.: Loge, naar vi overtager Lejligheden og Lokalerne ere i Orden, formentlig Sommeren 1917?“

Í fylgiskjali með bréfinu er listi yfir frímúrarara sem voru búsettir á Íslandi og jafnframt félagar í Bræðrafélaginu en þeir voru nú orðnir 13 talsins. Einnig fylgdu nöfn fimm manna sem höfðu sent inn umsóknir um upptöku í Regluna. Af þessum fimm urðu einungis þrír frímúrarar.

Stúkuráð svarar þessu bréfi 31. ágúst 1916 þar sem fyrri bréfaskipti eru rakin þar sem m.a. eru lagðar fram hugmyndir um byggingu á stúkuhúsi o.fl. en bréfið endar á að stúkuráð telur að umrætt húsnæði sé ekki fullnægjandi. Með bréfinu eiga að vera tvö fylgiskjöl, sem finnast ekki í skjalasafni Reglunnar.

Enn á ný svarar Bræðrafélagið þann 1. nóvember 1916 og sendir með bréfinu teikningar af efstu hæð Austurstrætis. Í bréfinu segir, til staðfestingar á síðasta bréfi, að þetta húsnæði



Ljósmynd: Jón Svararsson

Á hátíðarfundri 15. nóvember. Gunnar Þórólfsson, Stm. Eddu, talar til elsta núlífandi Eddubróður, Geirs Tómassonar, sem er 97 ára, en með þeim á myndinni eru Jón Sigurðsson R&K, Kristján Þórðarson R&K og Gunnlaugur Claessen R&K.

sé einungis ætlað til nota í 5 ár en þá sé stefnt að því að búið verði að byggja nýtt stúkuhús. Einnig bendir bræðrafélagið á að þó svo að það sé krafa í Danmörku að stúkur verði að eiga sín stúkuhús, þá sé það hvorki skilyrði í Svíþjóð né Noregi.

Í lok bréfsins er sú ósk ítrekuð að stúkuráð endurskoði afstöðu sína til efstu hæðar Austurstrætisins og einnig að heimild verði gefin til stofnunar stúku.

Einnig sendir Bræðrafélagið sama dag stutt bréf til stúkuráðs þar sem það óskar eftir heimild til að stofna fræðslustúku til þess að geta æft sig í stúkustarfinu og einnig að fá fræðslurit til lestrar. Í bréfinu er greint frá því að lítið steinhús á Vesturgötu sé til leigu sem henti vel til starfa í fræðslustúkunnni og brúi bilið þar til húsið í Austurstræti verði tilbúið til notkunar.

Í 25 ára afmælisriti Frímúrarareglunnar á Íslandi segir m.a.:

„Leið nú fram í desemberlok og ekkert kom svarið frá stúkuráðinu. Byggingu Nathan & Olsen miðaði hinsvegar jafnt og þétt áfram og varð ekki dregið lengur að segja af eða á um leiguna. Því var það að 30. des. 1916 símaði [símskeyti] Kaaber formanni stúkuráðsins Faurholt hæstaréttardómara, á þessa leið:

„Please reply telegraphically whether working lodge as requested will be allowed.“

Það mun hafa þótt nokkuð djarft að senda æðsta manni stúkuráðs slíkt skeyti, en Faurholt svaraði þó með símskeyti á nýársdag 1917 á þá leið, að

sennilega mundi verða leyft að stofna starfsstúku, en þó eigi strax; fræðslustúka mundi aftur á móti fást strax. Voru þetta mikil gleðitíðindi fyrir br. eins og nærri má geta.

Hér þykir rétt að láta þess getið, að óyggjandi upplýsingar liggja fyrir að um það, að V.:S.:V. sýndi íslenskun frímúrarum mikla velvild og veitti málaleitunum þeirra um stúkustofnunina sérstakan stuðning sinn.“

Þar sem skeytið frá O.P.C. Faurholt, oddvita stúkuráðs, var nokkuð til umræðu er það endursagt hér:

„Yes propably but foundation not immediately instructing lodge immediately when documents written letter follows.“

Hojesteretsassessor Faurholt“

Eftir skeytasendingar og bréf í framhaldi af þeim kemst verulegur skriður á áhugamál íslenskra bræðra um stofnun fullgildrar starfandi stúku hér á landi. Stúkuráð undirbýr nú tillögu til V.S.V. um heimild til að stofna nýja stúku í Reykjavík.

Ludvig E. Kaaber sendir bréf til O.P.C. Faurholt þann 3. maí 1917 þar sem hann m.a. þakkar bréf hans frá 6. janúar en með bréfinu fylgdu tillögur um nafn, einkunnarorð og skjaldarmerki nýju stúkunnar.

Allir eru sammála um að Kristján X., Danakonungur og V.:S.:V. dönsku Reglunnar, sýndi íslenskum frímúrarum sérstakan velvilja og studdi áhuga þeirra að stofna hér fullgilda starfandi St. Jóh. stúku.

Flestir eru þó sammála um eins og síðar kom fram að velvilji hans náði samt ekki lengra

en svo, að viðkomandi stúka væri starfandi undir honum og dönsku Reglunni.

Fyrirhugað var að hingað kæmi sendinefnd til að stofna stúkuna og hafði fjárhagsráð dönsku Reglunnar samþykkt að greiða kostnað af ferðinni. Þótt fyrri heimsstyrjöldinni væri lokið voru enn bönn á siglingaleiðum og embættismenn dönsku Reglunnar tregir til langra ferða. Því var hætt við ferð sendinefndarinnar og bræðrum hér á Íslandi falið að sjá sjálfir um stofnun og vígslu stúkunnar. Einnig var Ludvig E. Kaaber falið að setja sig sjálfur inn í embætti Stm.

Um stofnun stúku innan dönsku Reglunnar í VIII Frimurer-Providsen

Þegar Bræðrafélagið sendir fyrsta bréf sitt til dönsku Reglunnar 18. nóvember 1913 og óskar eftir að fá til sín Spøragsmáls- og Instruksionsbøgerne má segja að nýr málaflokkur hafi opnast hjá stúkuráði dönsku Reglunnar.

Lítill hópur íslenskra og danskra frímúrarara, búsettur á Íslandi með miklar væntingar um frímúrarastarf fjarri hefðbundnu yfirráðasvæði dönsku Reglunnar, var nú kominn fram á sjónarsviðið og var því eðlilegt að stúkuráð tæki mjög varlega í alla málaleitan þessara frímúrarara.

Grundvallarlög dönsku Reglunnar voru miðuð við frímúrarastarf í Danmörku en ekki í öðru landi, fjarri heimkynnum og starfsvettvangi dönsku Reglunnar, jafnvel þó það væri innan danska konungsveldisins.

Fyrir Íslendinga var þetta nokkuð annað, því til þess að sækja upptöku og síðar frömun til nýrra stiga þurfti að sigla til Kaupmannahafnar, en sú ferð tók að jafnaði um viku hvor leið, því skip komu oftast við í breskri höfn á leiðinni bæði út og heim, auk síðan dvalar þar. Þessar ferðir varð að fara að vetri til, á meðan stúkur voru starfandi þar, sem gerði ferðina oft erfiðari að nýta til annarra þarfa.

Siglingabann á höfum milli Íslands og annarra landa Norður-Evrópu og tundurdufl á siglingaleiðum fyrri heimsstyrjaldarinnar gerðu þetta ekki einfaldara fyrir íslenska frímúrarara sem þurftu að ferðast til Danmerkur til upptöku í Regluna og síðar til frömunar.

Stúkuráð vildi greinilega koma til móts við óskir íslensku frímúraranna og lagði áherslu á að hér á landi yrði

stofnuð fræðslustúka sem var staðfastlega hafnað af Íslendingunum, eins og komið hefur fram hér að framán. Í stað þess var óskað eftir að stefnt yrði að því að hér yrði stofnuð fullgild starfandi St. Jóh.stúka.

Það er síðan ekki fyrr en vorið 1917 að stúkuráð dönsku Reglunnar leggur fyrir V.S.S. tillögu um stofnun fræðslustúku og í framhaldi af því fullgildrar starfandi stúku í Reykjavík eftir að stríði lýkur.

Stúkuráð sendi Bræðrafélaginu bréf dags. 18. júní 1917 þar sem staðfest er að nú sé komin heimild til að stofna fræðslustúku í Reykjavík og í framhaldi af því að undirbúa stofnun fullgildrar starfsstúku í Reykjavík.

Stúkuráð felur síðan St. Jóh.st. Z&F í Kaupmannahöfn að stofna fræðslustúku í Reykjavík og þar með er afskiptum stúkuráðs af fræðslustúkunnni lokið og Z&F tekur við.

Bréfi þessu svarar Bræðrafélagið og þakkar þennan áfanga en leggur áherslu á að stofnun starfandi stúku

verði flýtt og ekki beðið eftir stríðslokum.

Stúkuráð hefur nú undirbúning að stofnun bæði fræðslustúku og fullgildrar starfandi stúku og í framhaldi af því ganga bréf og upplýsingar á milli þess og Bræðrafélagsins.

Fræðslustúkan er stofnuð 6. janúar 1918 á grundvelli samþykktar V.S.V. og bréfi frá stúkuráði dags. 18. júní 1917.

Allir fundir Bræðrafélagsins höfðu verið haldnir í húsi Ludvig E. Kaaber að Hverfisgötu 28, en þegar komið er að árslokum 1917 eru framkvæmdir við hús Nathan & Olsen við Austurstræti, sem oftast var kallað Reykjavíkrapótek, svo langt komnar að allir fundir fræðslustúkunnar voru haldnir þar.

Mánudaginn 6. janúar 1919 mættu allir frímúrararbræður búsettir á Íslandi í Reykjavíkrapótek en verkefni dagsins var að slíta fræðslustúkunnni, vígja nýjan stúkusal, stofna fullgilda St. Jóh.stúku og setja nýja embættis-

menn og nýjan Stm. stúkunnar í embætti sín.

Að endingu er við hæfi að ljúka þessari grein með efnisgrein úr 25 afmælisriti Eddu:

„Starf það sem brautryðjendur og stofnendur Frímúrarareglunnar á Íslandi unnu fram að sigurdegi sínum, 6. jan. 1919, mun verða í minnum haft, meðan Frímúrarareglan er við lýði hér á landi. Þeir fórnðu miklu til þess að koma stúkunnni á stofn. Það gerðu þeir vegna þess, hve áhuginn fyrir góðu málefni var sterkur, og sannfæringin bjargföst um göfugleik og gildi frímúrararafræðanna. Allir þeir íslenzkir frímúrarar, sem fest hafa órofa tryggð við Regluna og frímúrarastarf- ið, munu aldrei fá fullþakkað þeim bræðrum, sem með eldlegum áhuga sínum og eindæma dugnaði og fórnfýsi tókst að koma fram stofnun stúkunnar Eddu 6. janúar 1919. Það verk mun ævinlega verða virt þeim til sæmdar, er unnu það.“

Þjónusta og kærleikur

Geir Tómasson tók til máls á Jónsmessufundi Eddu, þann 24. júní síðastliðinn og ávarpaði bræðurna. Ávarp hans þótti það eftirminnilegt og fallett að falast var eftir góðfúslegu leyfi til að birta það hér.

Kæru bræður!

Á þessum afmælisdegi stúkunnar Eddu, sem er jafnframt afmælisdagur minn, vil ég þakka þau hlýlegu orð sem til mín og Reglunnar hafa verið töluð, en við höfum átt samleið í hartnær 50 ár og farið vel með á okkur, þótt ávinningurinn hafi allur verið mín megin, sem ég þakka af alhug.

Í lífinu höfum við alltaf valið að – quisque seu fortunae faber est – sögðu spekingar fortíðarinnar og hafirðu valið góða hlutann, skal hann ekki frá þér tekinn verða, kennir Heilög ritning.

Kjarni hughyggjunnar hlýtur alltaf að verða sá, að Guð sé til með guðlegum kjarna í sérhverri sál, sem gerir hana að dýrmætri eilífðarveru – með tilgang.

Bræður mínir, hvað get ég, gamall og lífsreyndur bróðir, sagt sem ykkur mætti nýttast og að gagni koma?

Dragi ég langa lífsreynslu mína saman í þessu ávarpi til ykkar, þá væri það helst að orð skulu standa, nema annað sannara reynist.



Geir Tómasson.

Grafið sárindi og ósigrá í sand, en meitlið hamingjuna á stein, og sjáið til þess að samviskan, okkar innri vitund, sé ávallt einskonar viðvörunarbjalla manns á ögur- stund, og stöðug áminning og hvatning til að breyta rétt, með gildi góðleikans að leiðarljósi.

Mennt er máttur til góðs eða ills – en þegar húmar að kvöldi lífs okkar, verður um sólarlag spurt, hvað við höfum Drottins veröld til þarfa unnið – þá er oft fátt um svör.

Í ljósi alls þessa skulum við þó ótrauð stefna að því að gera hugtökin gleði, fegurð, frelsi og friði að leiðarljósi okkar.

Svo má einn lofa að aðrir séu ei lastaðir, og þegar maður er hættur

að leita nokkurs sjálfs síns vegna, verður eini tilgangur lífsins þjónusta og kærleikur.

Við skulum á þessum tímamótum stúkunnar Eddu gleðjast og þakka – þakka það sem var, en trega ekki – þakka það sem er og kvíða ekki – þakka það sem verður og æðrast ekki.

Tökum undir orð Schillers í kvæðinu *Óður til gleðinnar*, en þar segir á einum stað: *Gleðin heitir lífsins ljúfa leynifjöður, mjúk og sterk. Hún er máttarhjól er hreyfir heimsins mikla sigurvek.*

Kæru bræður! Megi Alfaðir blessa starf Reglu vorrar og mannþætandi viðleitni hennar.

Listaverk í eigu Frímúrarareglunnar á Íslandi

Arent Claessen

Á leið bræðra að Jóhannesarsalnum, í Regluheimilinu í Reykjavík, verður á vegi þeirra röð málverka. Þetta eru myndir af nýu frímúrarabræðrum. Átta þeirra eru horfnir til Austursins eilífa, en allir eiga það sameiginlegt að hafa verið mikilvirkir í starfi Frímúrarareglunnar. Fremsta myndin í röðinni, sem máluð er af Ásgeiri Bjarnþórssyni, er af br. Arent Claessen og verður hér eftir gerð stuttlega grein fyrir honum og störfum hans fyrir Regluna.

Arent fæddist á Sauðárkróki 31. janúar 1887 og voru foreldrar hans Jean Valgard van Deurs Claessen og seinni kona hans, Anna Margrét Puriður (f. Möller). Valgard Claessen var fæddur í Kaupmannahöfn, hollenskur í ættir fram. Hann flutti á Sauðárkrók árið 1879 og var mál manna, norður þar, að það málefni yrði vandfundið er til framfara horfði fyrir byggðina á Króknum, sem Valgard Claessen væri ekki orðaður við. Heiðarleika Valgard Claessen í viðskiptum var viðbrugðið, hann var vinsæll drengskaparmaður sem allir treystu. Þótt hann bæði talaði og ritaði íslensku ágæta vel var sagt að hann hefði aldrei lært að segja nei. Valgard flutti til Reykjavíkur árið 1904.

Arent starfaði hjá verzluninni Edinborg til ársins 1912 er hann hóf störf hjá Ó.Johnson & Kaaber. Hann varð meðeigandi í fyrirtækinu árið 1918 og síðan einn af framkvæmdastjórum þess til dauðadags. Jafnframt var hann ræðismaður og aðalræðismaður Hollands frá 1922. Arent gegndi um ævina margvíslegum störfum í þágu stéttar sinnar. Hann átti m.a. sæti í Verzlunarráði Íslands, var um langt skeið formaður Félags íslenskra stórkaupmanna og kom fram fyrir hönd kaupsýslumanna á erlendum vettvangi.

Þau persónueinkenni sem samtíðarmenn sáu ríkust í fari Arents Claessen voru höfðinglegt yfirbragð hans, festa og drenglyndi í athöfnum, óvenjulegt framkvæmdaþrek og skyldurækt í störfum ásamt hjálpssemi og góðvild í samskiptum við aðra.

Arent gekk í dönsku frímúrarastúkuna Z&F í Kaupmannahöfn 14. janúar 1914. Andrésarstigin hlaut hann í St. Andr.st Fire Roser í Árósum. Kapitlastigin hlaut hann

í DDSL, dönsku Landsstúkunni í Kaupmannahöfn.

Arent var afar vikur í starfi Frímúrarareglunnar. Hann fluttist til St. Jóh.stúkunnar Eddu á stofndegi hennar 6. janúar 1919 og var meðal stofnfélaga. Hann var meðal stofnfélaga St. Andrésarstúkunnar Helgafells og einnig Stórstúku Frímúrarareglunnar á Íslandi og gegndi fjölda embætta á ferli sínum í Reglunni. Hann var m.a. formaður fjárhags- og fjáröflunarnefndar fyrir húsbyggingu frá 1928 og formaður byggingarnefndar frá 1939 og Stm. Eddu 1937 til 1941.

Við hernám Danmerkur þann 9. apríl 1940 ákváðu íslenskir frímúrarar að taka í sínar hendur yfirstjórn málefna Reglunnar hér á landi. Stofnuð var Bráðabirgðayfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi, sem síðar á árinu 1940 var breytt í Yfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi. Arent gegndi þar veigamiklu hlutverki. Hann var valinn fyrsti forseti Yfirstjórnar vorið 1942 og um leið oddviti fjárhagsráðs. Þetta ferli leiddi síðan til þess að sjálfstætt frímúrarastarf hófst á Íslandi með stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi 23. júlí 1951.

Hinn 21. júlí 1951 var Arent veitt stig

R&K. Við stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi varð hann STMR og oddviti Stúkuráðs, síðan STR og oddviti Góðgerðarráðs frá 1952–1956 og loks DSR frá 1962–1966 en þá lét hann af embætti í Frímúrarareglunni eftir drjúgt og gifturíkt starf.

Tveir synir Arents voru frímúrarar: Haukur Claessen, vara flugmálastjóri, fæddur 26. mars 1918, látinn 26. mars 1973 og Arent Claessen, stórkaupmaður, fæddur 1. apríl 1924, látinn 7. september 1993. Afeftirmælum um bræðurna má ráða að báðir hafi í ríkum mæli erfð persónueinkenni föður síns og verið hinir mætustu drengskaparmenn.

Tveir sonarsynir Arents eru einnig frímúrarar: Gunnlaugur Claessen, fæddur 18. ágúst 1946 og Eggert Claessen, fæddur 16. apríl 1959.

Arent Claessen lést 21. apríl 1968.

Ólafur G. Sigurðsson



Leitin að týnda skildinum

Bent Scheving Thorsteinsson segir frá þáttaskilum í frímúrarastarfinu í stríðinu

Skjöldur Stuartlogen Orient Reykjavík, sem var stofnuð árið 1934 og nefndist Commandehuset Reykjavík, er týndur og hefur ekki fundist, þrátt fyrir leit úr kjallara upp í rjáfur í Stamhuset í Kaupmannahöfn. Bent Scheving Thorsteinsson X° vildi láta smíða nákvæma eftirmynd af honum, merki frumkvöðla í íslenskri frímúrarastarfsemi, og gefa Frímúrarareglunni á Íslandi.

„Skjöldur þessi bar með sér að hér var um aldanska stúku að ræða, svo sem var um allar stúkur á Íslandi í upphafi, og hvarf því með öðru sem stúkunni fylgdi til Danmerkur, þegar Frímúrarareglan varð íslensk,“ segir Bent í samtali við Frímúrarann. Skjöldur, sem hann fékk smíðaðan, reyndist haldinn ágalla og ekki uppfylla skilyrði Commandehus. Leitin stendur því enn. „Stjórnandi stúkunnar nefndist Stór Príor og var að sjálfsögðu enginn annar en Ludvig Emil Kaaber, sem stjórnaði henni allt til 1940, en það ár gerðist margt.“

Sambandið við höfuðstöðvar og Yfirstjórn Reglunnar í Kaupmannahöfn rofnaði með því að Þjóðverjar hernámu Danmörku og Bretar Ísland. Segja má að einkunnarorð skjaldarins hafi orðið að áhrinsorðum: Mandatum novum do vobis. (Nýtt boðorð [um-boð] gef ég yður).



Br. Bent Scheving Thorsteinsson, einlægur velunnari Reglunnar, vildi nota tækifærið til að minna á Styrktarsjóð bágstaddra bræðra, sem hann segir mikilvægan en of lítið kynntan.

„Br. Kaaber, Stór Príor og R&K í Den Danske Store Landsloge frá 1926, taldi ekki henta að hann gerðist forgöngumaður Bráðabirgðastjórnar Reglunnar á Íslandi. Íslenskir bræður ættu að velja einhvern úr sínum hópi til þessara starfa.“

Segir Bent að það sé misskilningur að Ludvig Emil Kaaber hafi brugðist þegar mest lá á forystu hans. Hann hafi sem endranær látið samviskuna og skynsemina ráða, talið réttast að vera hlutlaus og segja af sér öllum embættum sem hann og gerði.

„Hann áleit það líkast því að setja forseta, ríkisstjórn og Alþingi undir einn hatt að bræður hér færu með öll völd Yfirstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, völd Stórmeistara Reglunnar Kristjáns X., Æðsta Ráðsins svo og ráðanna þriggja.“

Ári síðar, 12. ágúst 1941, dó hann og var öllum bræðrum harmdauði.

Bráðabirgðastjórn sett á fót

Var nú stofnuð Bráðabirgðastjórn, skipuð átta bræðrum með Kapítulastig. Þeir voru:

Sveinn Björnsson X


Arent Claessen X

Carl Olsen X

Ólafur Lárusson IX

Paul Smith IX

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson IX



Teikning af týnda skildinum.

Sigurgeir Sigurðsson IX

Vilhjálmur Þór IX

Starfstími þeirra var stuttur. Næsta ár var ákveðið að stofna Yfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi. Í henni sátu sömu bræður, því að ekki var um aðra að ræða með Kapítulastigin, en Sveinn Björnsson vék úr stjórn, þar sem ekki þótti samrýmast embætti Ríkisstjóra að sinna störfum í Reglunni.

„Er því misskilningur að Sveinn Björnsson hafi haft á hendi forystu Reglunnar stríðsárin 1941 til og með 1944. Hann átti heldur ekki hlut að

samkomulagi við Dani 1947 þegar lagður var grunnur að sjálfstæðu Frímúrararumdæmi á Íslandi,” segir Bent. „Þetta er sjálfsagt bannorð en það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Þetta viðtal yrði býsna bragðdauft annars.“

Arent Claessen tók við sæti forseta en embættisskipan var að öðru leyti óbreytt um langt skeið. Var það ekki fyrr en árið 1944, þegar Sveinn Björnsson var orðinn forseti Íslands, að lítið var svo á, að hann gæti orðið Stórmeistari Reglunnar, þar sem Kristján X., fyrrverandi þjóðhöfðingi Íslands, hafði verið það.

Stjórnandi Meistari í stað Stór Priors

„Aðkoma Sveins Björnssonar, sem ekki hafði starfað í Reglunni í fjögur ár, var með allsögulegum hætti. Hann boðaði Yfirstjórn Reglunnar á sinn fund að Bessastöðum 22. september 1944, svo sem Kristján X. hafði til siðs að boða æðstu stjórnendur Reglunnar til fundar við sig í Amalíuborg, þegar honum svo hentaði. Þessi stjórnarháttur Kristjáns X., sem Sveinn Björnsson tók nú upp, þótti allgeðþótta- og einræðiskenndur.“

Á Bessastaðafundinum samþykkti Yfirstjórnin að Sveinn Björnsson tæki á ný sæti í henni og væri tilhlýðilegt með tilliti til forsetaembættis hans að hann fengi embættisheitið „Stjórnandi Meistari Frímúrarareglunnar á Íslandi“. Æðsta ráðið í Danmörku og Kristján X. samþykktu þessa ráðstöfun.

„Þótt sumum þætti fullglæsilegt að nefna svo Stjórnandi Meistara II. flokks Stúartstúku,” segir Bent.

Bent sjálfur var 22 ára um þetta leyti, fæddur árið 1922. Enn væru 17 ár þar til hann myndi feta frímúrarabrautina í spor föður síns sem var beinn þátttakandi í þeim atburðum sem hér segir frá. Er Bent ekki síður velunnari Reglunnar en faðir hans var og hefur af örlæti gefið henni góða gripi, þar á meðal embættisstóla í Jóhannesarstúkunni.

„Haustið 1947 fóru þrír Yfirstjórnarbræður, þeir Carl Olsen, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson og Vilhjálmur Þór til samninga við Dani um fortíð og framtíð Reglunnar og reglustarfsins á Íslandi; Arant Claessen forseti var vant við látinn við störf í New York.“

Tímamót í frímúrararastarfsemi

„Árið 1934 varð viðburðaríkt ár í sögu Frímúrarareglunnar á Íslandi. Tvær regludeildir voru þá stofnaðar í Reykjavík, St. Andr. stúka og Stuartstúka, og með því stigið stórt spor til sjálfstæðrar og þjóðlegrar þróunar íslenskrar frímúrararastarfsemi. Höfðu þessar stúkustofnanir í för með sér mikið starf og fyrirhöfn. Meðal annars þurfti að gjöra all verulegar breytingar á húsa- kynnum stúkunnar Eddu, svo að nýju stúkurnar gætu einnig starfað í þeim, útvega allan þann útbúnað, sem hinar nýju stúkur þurftu á að halda til starfsemi sinnar, lána til alls þessa úr sjóði Eddu það fé, sem til þurfti, o.s.frv.“

[...]

„Stofnendur Stúartstúkunnar voru þessir br.:

Ludvig E. Kaaber.

Arent Claessen.

Sveinn Björnsson.

Carl Olsen.

Þórður Edilonsson.

Paul Smith.

Vilhjálmur Þór.

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson.

Guðjón Samúelsson.

Sigurður Pétursson.

T. Júlíus Júlíusson.

Axel V. Tulinius.

Guðmundur J. Hlíðdal.“

(Frímúrarareglan á Íslandi 25 ára, 1945, bls. 58 og 102)

Sjálfstætt ríki hafi sjálfstætt frímúraraumdæmi

Reglustarfið í Danmörku var að komast í fyrra horf eftir að hafa verið bannað á stríðsárunum, Regluhúsnæðið hertekið og niðurnítt og gögn og munir komnir á tvist og bast.

„Varðandi stríðsárin var snarlega samþykkt að stjórnarathafnir Yfirstjórnarinnar væru „force majeure“ og þyrfti ekki að ræða frekar,“ segir Bent. „Í fundarlok 1. október 1947 var gengið frá grundvallarákvörðunum um stofnun sjálfstæðs frímúraraumdæmis á Íslandi. Má heita að allir hafi verið á einu máli um að sjálfstætt ríki ætti að hafa sjálfstætt frímúraraumdæmi.“

Fyrsta skrefið í framþróuninni var að stofna hér fullkomna Stúartstúku sem veitt gæti bræðrunum VIII. stig og lögðust íslenskir og danskir bræður á eitt um að hrinda því í framkvæmd. Stúkan var stofnuð lögformlega 10. júlí 1948. Danir voru allir af vilja gerðir að aðstoða íslensku bræðurna. Þeir sáu um vígslu á hástigin, útveguðu lög og Siðabálka, sem voru þýddir, og tryggðu tilkomu og aðstöðu íslenska umdæmisins með ýmsum öðrum hætti. Hinn 23. júlí kom Stórmeistari Frímúrarareglunnar í Danmörku, Frode Harald Rygaard, til landsins og vígði Frímúrarareglu Íslands með lögmætum hætti. Sveinn Björnsson var svo settur í embætti Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi 25. júlí 1951.

„Þetta er frásögnin um þá Stúartbræður, bræðurna sem stjórnðu frímúrarastarfinu á Íslandi frá árinu 1934 til 1951, þeirra sem störfuðu undir merki þessa skjaldar sem finnst ekki og mig hefur langað til að láta gera eftirmynd af til minningar um föður minn, Þorstein Scheving Thorsteinsson, sem bar hinn virðulega titil Stór Príor 1942 til 1944, síðastur manna. Þegar Sveinn Björnsson tók við og nefndist Stjórnandi Meistari hvarf embættisheitið Stór Príor úr sögunni. Þessu virðulega embætti fylgdi veldisstafur og sá veldisstafur er enn til eftir því sem ég best veit, ég hef haldið á honum. Mig hefur langað til þess, með aðstoð allra bræðra, að safna saman munum og myndum frá þessum árum, meðal annars til að sýna minningu þessara frumkvöðla þá virðingu sem þeim ber.“

Þór Jónsson

Sigurður Ingólfsson



YOD

I

Styð fingri á gluggann hélaðan
snarkið í arninum
flæðir saman við frostbrestina

dreg að mér kalda höndina
rýni í nóttina stjörnubjarta

hverf um gatið
í funheitt frostið
silfrað náttmyrkrið

II

Hjólíð í myrkvuðum göngum, hliði næturinnar
– Týfon æpandi úr djúpinu, Hermanúbis ljómandi í fjarska
sverð Svingsar yfir mér – aleinn meðal hinna

Rjúfandi myrkrið sól Ísisar á blöðum bókar lífsins
hið sjöfalda orð ummyndað, geislar sonarins
söngur Ósírissar á hvítum kyrtli, angan lótusblómsins

III

Hrun viðarins brunnins
í arninum helköldum
bergmálar tómlega

hverf frá glugganum örþreyttur
kveiki upp í morgunskímunni

horfi í funann
– á eldinn upprisinn
– snarkandi vínviðinn.

Rannsóknastúkur mikilvæg viðbót við stúkustarfið

Ellefu rannsóknarerindi hafa verið flutt og fundir haldnir víða um landi

Rannsóknastúkur hafa lengi verið við líði innan frímúrarareglna og skal þar fyrsta telja Rannsóknastúkuna Quatuor Coronati í London, sem stofnuð var árið 1884 og starfar innan Bresku Stórstúkunnar, United Grand Lodge of England. Hefur QC nú gefið út árbækur sínar, Ars Quatuor Coronatorum, í á annað hundrað ár, þar sem er að finna erindi sem flutt hafa verið á fundum stúkunnar. Hlutverk QC er sett fram í 8 liðum en megininntak þeirra er að stúkan skuli mynda vettvang áhugasamra bræðra um rannsóknir í sögu og fræðum frímúrara, ræða þær og birta, þannig að þær geti verið öllum enskumælandi bræðrum aðgengilegar. Einnig að fylgjast náið með þróun frímúrarareglna um víða veröld og koma á fót minjasafni og bókasafni í frímúrararfræðum. Rannsóknastúkan Snorri á allar árbækur QC og eru þær geymdar í húsi frímúrara við Ljósatröð í Hafnarfirði. Rannsóknastúkur hafa síðan verið stofnaðar víða um heim.

Á Norðurlöndum hefst þessi þróun formlega árið 1997 með því að Forskningslogen Friederich Münter er stofnuð í Danmörku í apríl það ár og Forskningslogen Carl Friedrich Eckleff í nóvember sama ár í Svíþjóð. Forskningslogen Niels Treschow er síðan stofnuð í Noregi 2003 og loks Rannsóknastúkan Snorri hér á Íslandi 2010. Hlutverk rannsóknastúkanna virðist vera svipað hvarvetna og þannig segir m.a. um hlutverk Rannsóknastúkunnar Snorra, „skal vera að útbreiða Hina Konunglegu Íþrótt, undir vernd Frímúrarareglunnar á Íslandi og samkvæmt Grundvallarskipan hennar, með því að gangast fyrir rannsóknnum, skrifum, fyrirlestrum og umræðum um fræði, sögu, starfsemi og markmið Frímúrarareglunnar á Íslandi og málefni þessu tengd. Heiðarleiki og vönduð fræðimennska skulu stýra öllum verkum á vegum rannsóknastúkunnar.“



Haukur Björnsson.

Strax í byrjun tókst samstarf með dönsku og sænsku stúkunum um útgáfu árbókar, Acta Masonica Scandinavica, sem norska og síðast okkar íslenska Rst. Snorri árið 2012 gengu til samstarfs um. Þannig var ársritinu í fyrsta sinn dreift til meðlima í Rannsóknastúkunni Snorra í janúar sl. og þannig mun það verða framvegis. Erindi br. Þóris Stephensen „Frimurerisk Sankt Hansdag på Hornbjarg 1902“ var það fyrsta til að birtast í AMS á okkar vegum.

Rannsóknastúkan Snorri var vígð 9. apríl 2010 og er því nú á sínu 4. starfsári. Stúkunni hefur verið vel tekið í bræðrahópnum og eru nú á þriðja hundrað bræður meðlimir í stúkunni. Ellefu rannsóknarerindi hafa verið flutt til þessa og hafa fundir verið víða um landið, nú síðast 12. október á Egilsstöðum. Öll erindin hafa verið prentuð og flest afhent bræðrum þegar á fundarstað og jafnframt send bókasöfnum okkar til afnota fyrir bræður. Nú eru haldnir að jafnaði þrjú rannsóknafundir á hverju starfsári en einnig leyfum við okkur óhefðbundn-



ari fundi inn á milli s.s. að nú 30. nóvember nk. bjóðum við mökum okkar til „biblíufundar“ í Neskirkju, sem verður nánar kynntur með netpósti.

Rannsóknastúkur eru mikilvæg og kærkomin viðbót við okkar reglulega stúkustarf. Starfið í stúkunum vekur eilíft spurningar sem kalla á svör sem ekki er ráðrúm til að veita í reglubundnu stúkustarfi. Jafnframt finnast oft bræður sem eru öðrum færari í að leita svara við slíkum spurningum. Rannsóknastúkan leitast við að leiða saman slíkar spurningar (rannsóknarviðfangsefni) og bræður sem eru tilbúnir í að leita gagna og leiða til að finna svör við þeim og gera síðan í fyllingu tímans grein fyrir þeim á fundi í rannsóknastúkunni.

Öll erindi sem flutt hafa verið á fundum í stúkunni eru aðgengileg bræðrum á bókasöfnum frímúrara.

Haukur Björnsson,
Stm. Rst. Snorra

Ljósmyndasafnið



Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson

Hátíðar- og veislustúkufundur haldinn á Hótel Borg 6. janúar 1944. Eins og sjá má er salurinn skreyttur í tilefni jóla með jólastjörnum og músastigum.



Þessi mynd hér til vinstri er tekin er íslenskir frímúrarar heimsóttu bræður í herstöðinni í Keflavík á árum áður. Eins og sjá má er myndin tekin í bragga. Ekki er vitað um hverjir eru á myndinni eða við hvaða tilefni hún er tekin. Allar upplýsingar eru vel þegnar. Sendið okkur póst á netfangið frimurmyndir@centrum.is



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkornustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is



REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frimann Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

pípu

lakk

Allt frá hatti oní skó



Hattar

Hátíðavesti (5 hnappa)



Treflar

Kjólaskyrtur



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara -

Múrskíð sem bréfhúfur



Lakkskór (ný tegund)



Bindisprjónn



Erma- og brjósthnappar

Fylgihútur - Fylgihútur - Fylgihútur -



Ermahnappar



Smeygur



Ermahnappar



Lindaklemma/
bindisnæla



Rúmlega níutíu bræður sóttu 60 ára afmælisfund St. Jóh.stúkunnar Njálu.

Ljósmynd: Bjarki Friðbertsson

St. Jóh.stúkan Njála 60 ára

Njálubræður héldu upp á sextíu ára afmæli stúku sinnar með sérstökum hátíðarfundum þann 14. september sl.

Um 90 bræður sóttu fundinn, þar á meðal bræður frá tíu frímúrarastúkum auk embættismanna úr Landsstúkunni.

Meðal gesta á fundinum var br. Allan Vagn Magnússon, R&K HSM.

Fundurinn hófst kl 13:00 og var staðið upp frá borðum bróðurmáltíðar um kl. 16:30 enda þá komið að brottfarartíma á flugi gestanna.

Öll umgjörð fundarins var hin hátíðlegasta, með dagskrá þar sem þessara tímamóta í sögu stúkunnar var minnst, m.a. í mjög góðu erindi sem br. Kristján Haraldsson, fyrrv. Stm. Njálu, flutti í stúkunni.

Af þessu tilefni var tveimur Njálubræðrum veitt heiðursmerki stúkunnar á fundinum.

Við bróðurmáltíðina voru Njálubræðum fluttar fjölmargar kveðjur og hamingjuóskir í tilefni afmælisins.

Þá flutti HSM ávarp þar sem hann í upphafi bar bræðrum kveðjur og Njálubræðrum hamingjuóskir frá SMR. Einnig vitnaði hann m.a. til skýrslu um heimsókn Oddvita stúkuráðs dönsku Reglunnar, hæstuppl. br. R&K Kíær og ritara stúkuráðs uppl. Br. Eide og fleiri til Íslands í júní 1933. Ísafjörður var þá meðal viðkomustaða þeirra en þangað komu þeir laugardaginn 17. júní. Bræður í fræðslustúkunni Njálu tóku á móti þeim og fylgdu þeim til þáverandi fundaraðstöðu sinnar.

Í skýrslunni lýsa hinir dönsku bræður m.a. húsakynnum þeim sem hýstu fundaraðstöðu Njálubræðra: „Þau reyndust vera á annarri hæð í litlu steinhúsi, nokkura mínútna gang frá bryggjunni. Trúlega er þetta einn af minnstu stúkusölum í heimi og að auki er þar afar lágt til lofts. Salurinn var um fjórir metrar á lengd og þrjú metrar á breidd. Þar var rými fyrir um 10 bræður alls.“

Nú er öldin sannarlega önnur og mikið vatn runnið til sjávar á þeim tíma sem liðinn er frá þessum fundi á Ísafirði á öndverðri síðustu öld.

Starfsemi Njálubræðra fer nú fram í um 800 fermetra húsnæði þar sem auk Jóhannesarsalar er því sem næst fullbúinn Andrésarsalur. Þess utan er svo rúmgóð lesstofa og glæsi-legur veislusalur.

Í tilefni þessara tímamóta var gefið út vandað afmælisrit – Njála 60 ára – þar sem efnistökin voru fyrst og fremst sagan og starfið utan við hinar luktur dyr stúkunnar.

Blaðið kom út sama dag og afmælisfundurinn var haldinn og var prentað í tæpum 3.000 eintökum. Var því dreift inn á öll heimili á Vestfjörðum.

Þá var gerður minjagripur í tilefni afmælisins sem allir gestir fundarins fengu að gjöf.

Eins og áður sagði var St. Jóh. st. Njála á Ísafirði vígð sem fullgild frímúrarastúka þann 22. ágúst 1953.



Hornbjargssferðir hafa verið ríkur þáttur í starfsemi Njálu.

Ljósmynd: Ólafur Magnússon

Sagan er þó lengri, því árið 1925 var stofnuð fræðslustúka á Ísafirði. Sagan er jafnvel lengri en þetta. Kannski hófst hún árið 1921 þegar Tryggvi Jóakimsson fluttist til Ísafjarðar frá New York, þar sem hann varð frímúrari 1917? Kannski 21. desember 1920, þegar Magnús Scheving Thorsteins-son, bankaútibússtjóri á Ísafirði, gekk í stúkuna Eddu í Reykjavík? Kannski er við hæfi að láta söguna hefjast árið 1923, þegar Sigurgeir Sigurgeirsson gerðist frímúrari? Árið 1923 bættist hann í hóp frímúrara á Ísafirði og varð hann mikil driffjöldur í starfi. Mörgum árum síðar, í janúar 1939, kallaði Tryggvi Jóakimsson Sigurgeir „föður stúkunnar“ við það tilefni að hann var að kveðja stúkuna, þá nýkjörinn biskup yfir Íslandi. Sigurgeir var forseti Njálu frá 1925 til ársins 1950. Á því tímabili varð hann bæði biskup og stólmeistari St. Jóh. st. Eddu nr. 1. Í upphafi þriðja áratugar síðustu aldar var alltént mikið í deiglu sem leiddi til stofnunar fræðslustúkunnar Njálu árið 1925.

Aðeins tveimur árum eftir að stofnuð var sjálfstæð íslensk frímúr- araregla í Reykjavík var Njala orðin fullgild St. Jóh.stúka.

Fast að 300 manns hafa gengið í Njálu frá upphafi og að jafnaði mæta þar 40-60 bræður á fundi. Ljóst er að Frímúrarareglan og manngildissjón- armíð hennar eiga ekki síður erindi í mannlífni í dag en áður. Í hinum ytri störfum og samskiptum eru næg verkefni fyrir hendi. T.a.m. hafa Hornbjargssferðir og samskipti við innlendar og erlendar stúkur verið og verða án efa áfram ríkur þáttur í starfsemi stúkunnar í framtíðinni.



Ljósmynd: Bjarki Friðbertsson

Hákon Örn Arnþórsson, Stm. Mímis, Þorsteinn Eggertsson R&K, Sveinbjörn Ó. Ragnarsson, Stm. Mælifells, Allan V. Magnússon R&K HSM, Gunnar Þórólfsson, Stm. Eddu, Gunnar Hallsson, Stm. Njálu, Ingimar Halldórsson, Stj.br. Hörpu, Skúli Ágústsson R&K, Árni G. Kristjánsson, Stm. Huldar, Kristinn Guðmundsson R&K, Sigurður Hlöðversson, Stj.br. Drafnar og Hreiðar Hreiðarsson, Stm. Rúnar.



Ljósmynd: Bjarki Friðbertsson

Fyrrverandi og núverandi Stm. Njálu ásamt aldursforseta Njalubræðra, Guðmundi Guðmundssyni, 97 ára. F.v.: Kristján Haraldsson, Ágúst Gíslason, Gunnar Hallsson, Guðmundur Guðmundsson og Eiríkur Finnur Greipsson. Br. Guðmundur var m.a. upphafs- og aðalhvatamaður að byggingu núverandi húsnæðis stúkunnar.



Fagmennska í fasteignaviðskiptum
Sími 511-1555



Síðumúla 21 (Selmúlamegin) • 105 Reykjavík • Sími 511 1555 • fbj@fbj.is • www.fbj.is

PureLine



Hönnun fyrir lífið

Nýja **PureLine** eldhústækjalínan frá Miele er hrein og bein. Hún er hönnuð af alúð og natni lögð við hvert smáatriði, engu er ofaukið. Hrafninnusvart gler og burstað stál renna saman í eina heild, en ný tölvutækni með litaskjá fullkomnar notagildið. Eldhúsið er hlýlegra og glæsilegra með **PureLine** og matreiðslan verður leikur einn.

Lítið við í verslun Eirvíkur og kynnist **PureLine** af eigin raun.

Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Drengjakórinn í Ljósatröð flutti tónlist á hátíðarfundum Hamars.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

St. Jóh.st. Hamar 50 ára Frímúrarastarf í Hafnarfirði 60 ára

Þann 1. nóvember hélt St. Jóh.st. Hamar hátíðarfund í tilefni af 50 ára afmæli sínu. Einnig var þess minnst að 60 ár voru þá liðin frá því að Fræðslustúkan Hamar var stofnuð og formlegt frímúrarastarf í Hafnarfirði hófst. Fundurinn tókst í alla staði einstaklega vel en tæplega 200 bræður sóttu fundinn. Meðal gesta var HSM br. Allan Vagn Magnússon ásamt fleiri æðstu embættismönnum Reglunnar. Dagskrá fundarins var afar hátíðleg en um leið á léttu nótunum ef svo má segja því tónlist setti mikinn svip á fundinn. Í tilefni af þessu stórafmæli voru frumflutt lög sem Hamarsbróðirinn Ívar Helgason hefur samið og útsett við ljóð annars Hamarsbróður, Árna Grétars Finnssonar, sem hvarf til Austursins eilífa árið 2009. Það mæddi því mikið á söngstjóra Hamars, Guðjóni Halldóri Óskarssyni, auk annarra hljóðfæraleikara og kórs en Drengjakór Ljósatraðar sá um sönginn. Það vakti mikla athygli margra hvað ljóð br. Árna Grétars eru „frímúrarísk“ ef svo má að orði komast.

Í ávarpi sínu minntist Stm. Ham-

ars, br. Friðrik Guðlaugsson, m.a. á í hve mikilli þakkarskuld Hamarsbræður standa við áræðna stofnendur stúkunnar.

„Við Hamarsbræður erum þakklátir stofnfélögum stúkunnar, 39 bræðrum, sem undir forystu fyrsta Stm. stúkunnar lögðu þann grunn sem stúkan hefur byggt á í fimmtíu ár. Þessir bræður höfðu vilja til þess

að starf stúkunnar Hamars yrði kraftmikið og metnaðarfullt eins og ein-kunnarorð stúkunnar, *Störfum*, gefur til kynna.“

Friðrik kom einnig inn á það hve mikil áhrif stúkuhúsið við Ljósatröð hefur haft á annars góða fundasókn hjá Hamri en síðustu 10 ár hefur hún verið að meðaltali 90 bræður á I° fundum. Jafnframt þakkaði hann



Stofnendur fræðslustúkunnar Hamars fyrir 60 árum.

Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson



Reynir Einarsson afhendir Friðbjófi Sigurðssyni nr 31 og Jón Ólafur Bjarnason nr 34, minnispening um stofnun Hamars með númeri þeirra í stúkunni.



Ívar Helgason (t.h.) flutti frumsamin lög sín, við texta eftir Árna Grétar Finnsson, á bassanum er Grímur Sigurðsson.

Njarðarbræðrum fyrir samveruna og samstarfið í húsinu sl. 14 ár sem engan skugga hefur borið á.

Br. Jóhannes Harry Einarsson, fyrrv. Stm. Hamars, rakti sögu frímúrarastarfs í Hafnarfirði en hann er einn af stofnendum stúkunnar. Það var einkar ánægjulegt að allir núlifandi stofnendur Hamars voru á fundinum en einn þeirra, br. Friðbjófur Sigurðsson, er jafnframt stofnfélagi í Fræðslustúkunni Hamri.

Hátíðarerindi fundarins flutti Rm. Hamars, br. Ólafur Magnússon. Á fundinum voru 7 Hamarsbræður heiðraðir og veitt heiðursmerki Hamars fyrir vel unnin störf. Einnig var DSM, R&K Jóni Sigurðssyni veitt heiðursmerki Hamars.

Í tilefni af þessum merku tímamótum var fyrir 5 árum sett á stofn sérstök afmælisnefnd og skyldi hún hafa frumkvæði að dagskrá afmælisársins og hvernig minnst skyldi tímamótanna. Margar hugmyndir komu fram í nefndinni en meðal þess sem ákveðið var að gera var að ráðast í útgáfu bókar um Hamar og sögu hafnirsks frímúrarastarfs. Leitað var til Hamarsbróður, Símons Jóns Jóhannssonar, til þess að skrifa og ritstýra verkinu og leysti hann sitt verk einstaklega vel af hendi. *Hamar í hálföld*, eins og bókin heitir, kom fyrst fyrir augu bræðra á fundinum. Fyrsta eintakið afhenti Stm. Friðrik, HSM Allan Vagni Magnússyni. Allir Hamarsbræður fá bókina að gjöf en allir gestir sem sóttu þennan hátíðarfund fóru heim með eintak sem þakklætisvott frá Hamarsbræðrum fyrir að taka þátt í tímamótunum.

En það var fleira sem ráðist var í vegna þessara tímamóta því einnig var ákveðið að slá sérstakan minnispening. Um hönnun peningsins sá



Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Jón Ólafur Bjarnason, einn af stofnendum Hamars, ásamt Allan Vagni Magnússon og Jóni Sigurðssyni.

Hamarsbróðirinn og listmálarinn Gunnlaugur Stefán. Slegin voru 250 númeruð eintök. Stm. Friðrik afhenti HSM Allan Vagni Magnússyni eintak nr. 1 í minningu um föður Allans og fyrrum Stm. Hamars, br. Magnús Málárusson, en hann var Hamarsbróðir nr. 1. Til gamans fékk Allan einnig að gjöf pening nr. 107 en það númer fékk hann þegar hann gekk í Hamar árið 1974. Síðar varð Allan einn af stofnendum St. Jóh.st. Röðuls. Allan afhenti síðar á fundinum Stm. Hamars minnispening nr. 1 aftur til varðveislu og fannst það vel við hæfi. Auk HSM fengu allir núlifandi stofnendur Hamars minnispeninga að gjöf með sínum númerum.

Margt góðra gesta var á fundinum og bærust stúkunni góðar gjafir. Stm. St. Andr.st. Hlínar, bróðir Hákon Birgir Sigurjónsson og Stm. St. Jóh.st.

Njarðar, bróðir Pétur Björn Pétursson, tóku til máls og mæltu fyrir hönd annarra stúkna. Að lokum þakkaði Stm. Friðrik öllum þeim sem komu að undirbúningi fundarins og afmælisárinu sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Það sýndi sig á allri framkvæmd að undirbúningur hafði tekist vel. Hamarsbræður eru afar þakklátir öllum þeim sem heiðruðu þá með nærveru sinni á þessum hátíðarfundum og áttu svo stóran þátt í að gera hann jafn glæsilegan og raunin varð.

Eins freistandi og það er að minnst ögn á sögu Hamars hér verður það ógert látið. Það má hins vegar benda á að hana má lesa í *Hamar í hálföld* sem nú er til sölu gegn vægu gjaldi. Einnig geta bræður keypt minnispening Hamars.

Gísli Vagn Jónsson

„Næsta skref er
að spara fyrir
stærri íbúð“

Hvort sem ætlunin er að safna fyrir
húsi eða fara í ferðalag þá er alltaf
skynsamlegt að leggja fyrir.

landsbankinn.is/istuttumali



Halldóra Guðmundsdóttir
Viðskiptavinur Landsbankans

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



VERT

NÝ LÍNA AF BAÐINNRETTINGUM FRÁ IFÖ

Baðinnréttlingarnar eru fáanlegar:

hvítar háglans – hvítar mattar – ljósgráar – dökkgráar – svört eik

Allt frá A til IFÖ.

Opið virka daga kl. 8–18 og
laugardaga kl. 10–15


Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is



TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur
www.bifreidaverkstaedi.is

S:587 1350



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Glaðlegir bræður á fræðsluþinginu Kapítuli X. Garðar Siggeirsson, Ingvar S. Hjálmarsson og Kristinn Guðmundsson. Að baki þeim er m.a. Jónas Hall.

Fræðsluþingið Kapítuli X

Sunnudaginn 10. nóvember var haldið fræðsluþing um Kapítula X í Regluheimilinu í Reykjavík.

Fræðsluþingið hóst á því að Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Valur Valsson, flutti setningarávarp og í framhaldi af því voru flutt tvö erindi.

Ræðumenn voru þeir Árni Leósson og sr. Hjálmar Jónsson og stutt viðbrögð við þessum erindum veittu Aðalsteinn V. Júlíusson og Kristján Þórðarson.

Bæði þessi erindi voru afar fróðleg og gáfu góða yfirsýn yfir þróun Kapítula X á síðustu öldum. Í framhaldi af erindum og viðbrögðum komu fyrirspurnir úr sal sem var mjög fróðlegt að hlusta á.

Umræðustjóri var sr. Örn Bárður Jónsson og lokaorð flutti svo Pétur K. Esrason, oddviti Fræðaráðs.

Mjög vel var að fræðsluþinginu staðið og um 100 brr. mættu til að njóta samvista og fræðslu. Stefnt er að fleiri slíkum fræðsluþingum í framtíðinni.

Komdu með gamla
8° hringinn
og við gerum úr
honum nýjan



Ívar P. Björnsson
Básbryggja 51, 110
Reykjavík
sími 899 9760

Fagmennska í fyrirrúmi

Góð
þjónusta
í 60 ár



Háaleitisbraut 58-60 + Sími 553 1380
www.bjorg.is



Tímadjásn
Gallery Gull
Handsmíði



Grímsbæ við Bústaðaveg
Sími 553 9260

In memoriam

Látnir bræður

29. október 2012 - 31. október 2013

Armann Eiríksson – Hamar IX

F. 9.10.1946. D. 3.3.2013

Ásgeir Karlsson – Mímir X

F. 11.6.1936. D. 10.9.2013

Borgþór Þórhallsson – Edda X

F. 4.1.1921. D. 12.7.2013

Eyjólfur Guðmundsson – Mímir X

F. 15.10.1919. D. 15.7.2013

Eysteinn Árnason – Rún X

F. 6.9.1923. D. 20.11.2012

Gunnar Kristinn Petersen – Edda X

F. 20.4.1930. D. 17.5.2013

Halldór Ólafsson – Fjölur VIII

F. 6.3.1928. D. 4.3.2013

Helgi Sig. Guðmundsson – Mímir VI

F. 29.12.1948. D. 30.4.2013

Hilmar Friðriksson – Mímir IX

F. 13.9.1929. D. 17.5.2013

Hjalte Einarsson – Hamar III

F. 23.6.1938. D. 12.1.2013

Jóhannes Jónsson – Mímir IV/V

F. 31.8.1940. D. 27.7.2013

Jón Vilberg Guðjónsson – Edda X

F. 15.11.1922. D. 27.12.2012

Jón Guðmundsson – Mímir X

F. 3.4.1927. D. 13.3.2013

Jón Guðmundsson – Edda X

F. 27.5.1925. D. 3.6.2013

Jón Grétar Guðmundsson – Gimli III

F. 26.7.1936. D. 16.9.2013

Jón Rafn Guðmundsson – Gimli X

F. 19.4.1928. D. 7.4.2013

Jón Pálmi Skarphéðinsson – Sindri X

F. 20.10.1945. D. 21.3.2013

Jónas Jóhannsson – Mímir X

F. 9.2.1935. D. 27.1.2013

Kári Hermannsson – Rún X

F. 19.9.1919. D. 6.3.2013

Kristinn Jóhann Sigurðsson – Hamar X

F. 22.7.1928. D. 9.2.2013

Magnús Viggó Ágústsson – Mímir VI

F. 5.7.1924. D. 26.7.2013

Niels Maríus Blomsterberg – Edda X

F. 15.1.1927. D. 9.6.2013

Ólafur Reykdal Karlsson – Edda X

F. 19.5.1935. D. 24.2.2013

Ólafur A. Ólafsson – Mímir X

F. 27.1.1931. D. 28.5.2013

Páll Jónsson – Röðull X

F. 22.8.1924. D. 11.9.2013

Robert Valgeir Friðriksson – Rún VIII

F. 10.2.1950. D. 1.6.2013

Sigurður Brynjólfsson – Edda IX

F. 11.12.1942. D. 25.2.2013

Sigurður Leifsson – Mímir X

F. 1.4.1926. D. 7.4.2013

Sigurður G. Sigurðsson – Akur X

F. 16.8.1935. D. 25.11.2012

Sigurgeir Sigurðsson – Edda VIII

F. 9.5.1950. D. 6.7.2013

Sigvaldi Sigurðsson – Rún IX

F. 20.11.1929. D. 23.6.2013

Snæbjörn Ásgeirsson – Edda X

F. 27.4.1931. D. 9.12.2012

Stefán Halldórsson – Glitnir VIII

F. 16.3.1959. D. 12.10.2013

Svanbjörn Sigurðsson – Rún X

F. 1.1.1937. D. 18.8.2013

Svavar Stefánsson – Edda X

F. 16.9.1926. D. 2.8.2013

Sveinþór Pétursson – Gimli VII

F. 5.4.1922. D. 7.2.2013

Tómas Ævar Sigurðsson – Akur III

F. 23.12.1939. D. 20.1.2013

Viðar Jónsson – Fjölur VIII

F. 5.8.1933. D. 15.6.2013

Viggó Einar Maack – Gimli X

F. 4.4.1922. D. 20.10.2013

Víktor Daði Bóasson – Edda VIII

F. 24.8.1952. D. 19.12.2012

Porkell Sigurbjörnsson – Gimli IX

F. 16.7.1938. D. 30.1.2013

Porsteinn Erlingsson – Glitnir IX

F. 20.9.1962. D. 15.7.2013

Þórhallur Dan Johansen – Gimli X

F. 19.10.1943. D. 12.6.2013

Örnólfur Þorleifsson – Akur VIII

F. 19.10.1942. D. 20.9.2013

Barmmerki frá London

Í nokkra mánuði hefur legið á skrifborði mínu barmmerki sem Hallgrímur Skaptason, fv. Stj.M. Stúartst. á Akureyri, afhenti mér til varðveislu á Minjasafni Reglunnar. Ég ákvað að kanna sögu merkisins betur og skrifaði meðal annars br. þessarar reglu, Terry Billingham, og skal saga hennar sögð hér eins og rúm leyfir.

Eftir því sem best er vitað var stúkan Lodge of the Royal Antediluvian Order of Buffaloes (Harponian) stofnuð 1822 af sviðsmönnum og hjálparveinum leikhúsa í Harp Tavern, Great Russell Street, nálægt leikhúsinu í Drury Lane til mótvægis við stúkuna City of Lushington sem var starfandi frá um 1780. Þetta var stúka sem leikarar og listamenn stofnuðu, en aðeins þeir fengu inngöngu í þá stúku, þ.e.a.s. þeir sem höfðu viðurværi sitt af leiklist. Nafnið City segir mikið um lögum stúkunnar, þar voru embætti eins og borgarstjóri, læknir, rakari o.fl., eitt embættisheitið var einnig smakkari, en hann hafði það hlutverk að smakka ölið fyrir fund til að athuga hvort það væri í lagi. Ef svo var ekki var vertinn „sektaður“ til að afgreiða frítt tvö gallon af öli til fundarins, og vel er hægt að ímynda sér að ölið hafi ekki alltaf fengið hæstu einkunn hjá smakkaranum!

En þá að barmmerkinu. Það tilheyrði manni sem hét J.Cunningham og var forseti bræðrahóps (exam council) sem hafði það hlutverk að rannsaka hvort viðkomandi bróðir væri hæfur til að stofna og stjórna stúku. Þetta er mikið ábyrgðarstarf. Stig þessarar reglu eru fjögur: Fyrsta stig er kallað Kangaroos (ekki spyrja hvers vegna!), annað stig Certified Primo, þriðja stig Knight Order of Merit og fjórða stig Roll of Honour. Markmið þessarar reglu hafa ætíð verið að verja þá er minna mega sín og hjálpa bágstöddum. Þessi gildi hafa fylgt mannum frá fornu fari og að því leyti má kalla stúkuna ævaforna eða „Antediluvian“.



Frá Minjasafni Reglunnar

*Einar Thorlacius
minjavörður*



Þjónusta og gæði



Stjornublastur ehf.
Fjarðargötu 1, Seyðisfirði
Sími 472 1300

samskip
www.samskip.is

Anno 1903



Gæstgjafi Egilsstöðum
lakehotel.is



Húsíð Pitt
Alhliða múrverk, sögun, borun
Vélslípum plötur
Sími 864 8842
husid-thitt.is

RAFTEYMI
Löggiltur rafvektaki
rafteymi.is



Austfjardaleið
austfjardaleid.is

Egilsstaðir
Neskaup
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Eiðskráð
Stöðvarfjörður
Breiðdalsvík



894 7333
INGÓLFUR
HÁLAFT

Urðarteig 22, 740 Neskaupstað

Bólholt
www.bolholt.com



www.eskja.is



FELLABAKARI
SÍMI 471-1800
Lagarfelli 4, Egilsstöðum

sbk
Hópfærðir • Keflavík Coaches
www.sbk.is

**SI RAFLAGNIR
VERSLUN**
Alhliða raflagnir • heimilistæki
Sportvörur • Gjöfjavörur • Skólavörur

Helóartúni 2 • 250 Garði
sími 422 7103 • GSM 892 9812 • tölvupóstur: rafsi@centrum.is



SHBA
SÍMI 421 4546
FRAMNESVÉÐ 26
FRAMNESVÉÐ 16
REYKJANESBÆR

Rafvík
Verktakar ehf.
Valþór 6979797
Arnóddur 8990552
www.rafvik.is



www.3frakkar.com **Hjá Útfari**

NÝ S-P-R-A-U-T-U-N
BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

KORTA ÞJÓNUSTAN
www.korta.is

KJARNAFÆÐI
www.kjarnafaedi.is

bananar ehf.
www.bananar.is

Ekran
www.ekran.is

HS ORKA HF
www.hsorka.is

mbl.is

Létttak

Hæðargerði 27
Reyðarfirði

QUORUM

www.quorum.is




FASTEIGNASALA
- heilsugar um þinn hag -
www.husid.is



*Opia frá 7 til 21
alla daga vikunnar
Sudurlandsbraut 4*

CHAQUR

iKort



overcast **software**
www.overcast.io



**Icelandic
Export Center Ltd.**
Íslenska útflutningsmiðstöðin hf.

www.iec.is

55 | 
ÁRA 2013
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hilóasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is



L Á S H Ú S Í Ð E H F .

Sími 557 5100 / Fax 557 5010

Bíldshöfða 16 / 110 Reykjavík
lashusid@lashusid.is



LYRA

www.lyra.is

MARPORT

DEEP SEA TECHNOLOGY

www.marport.com

MÚLARADIÓ
rafeindabjónusta

www.mularadio.is

ORMSSON

www.ormsson.is



Otto B. Arnar ehf.

www.oba.is

PM EHF
PARKETMEISTARINN
þinn

Parketslípun og lagnir
www.pm.is

REGALO

1933
2013
Stál HÚSGÖGN

STARFRÆKT Í 80 ÁR
www.stalflex.is www.stalhusgogn.is

THG **ARKITEKTAR**

Endurskoðun & reikingskil

Stangarhyl 5
110 Reykjavík, sími 567 4110



Fiskimið ehf.

Strandgötu 39, Eskifirði



LANDARK



www.hjonsson.is

PACTA

www.pacta.is



Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota Solgryn.



er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

VÍB styður Víking Heiðar Ólafsson til góðra verka.

vib

Á FAGLEGUM NÓTUM

RÁÐGJÖF UM SPARNÐ OG FJÁRFESTINGAR

VÍB er einn stærsti og öflugasti aðilinn á íslenskum eignastýringarmarkaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda

viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta. Kynntu þér starfsemi VÍB á vib.is eða hafðu samband í síma **440 4900**.

- » Ráðgjöf og verðbréf
- » Lífeyrisþjónusta
- » Einkabankaþjónusta
- » Fagfjárfestaþjónusta



Nýlega var VÍB valið besta íslenska eignastýringarfyrtækið af breska fjármálaritinu World Finance.

Horft var til margra þátta, s.s. árangurs síðasta árs, fjárfestingaraðferða, þjónustu og fræðslu. Við erum afar stolt af þessum verðlaunum og ekki síður ánægð með að Íslendingar segjast myndu leita fyrst til okkar ef þeir þyrftu á eignastýringarþjónustu að halda.* Kynntu þér árangurinn, aðferðirnar og fjárfestingarkostina sem öfluðu okkur viðurkenningar og trausts.

* Skv. netkönnun Capacent Gallup í maí 2013.



Svartifoss frá Michelsen

Kynnum með stolti nýju fossalínuna frá Michelsen. Íslensk hönnun innblásin af stórbrotinni náttúru og glæsilegum fossum.

Úrið Svartifoss er gert úr hágæða ryðfríu stáli með svartri húðun og handgerðri skífu. Handtrekkt svissneskt úrverk, sett saman og fullklárað af fjórðu kynslóð Michelsen úrsmiða. Úrið er fánlegt með mismunandi ólum þ.á.m. íslensku hlýraróði.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909